Visað er til þjóðlendulaga nr. 58/1998
Visað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.
Visað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.
Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr, laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.



Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Fasteignayfirlit
3. Lögmannsumboð

Óbyggðanefnd,
Skuggasundi 3,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 22. mars 2021.

KRÖFULÝSING

FYRIR ÓBYGGÐANEFND

SVÆÐI 10 B

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu nr. 58, 1998, er hér með lýst neðangreindri kröfu.

Kröfuna gerir: Bragi Líndal Ólafsson, kt. 110245-4919

Vegna: Jarðarinnar, Svarfhóls, L141427 innan staðarmarka Suðavíkurhrepps.

Fyrirsvar: Guðjón Ármannsson hrl. Borgartúni 26, Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd jarðeiganda.

I. Kröfugerð:

Jarðeigandi Svarfshóls telur til beins eignarréttar yfir landi innan kröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnt er Lambadalsfjall í Súðavíkurhreppi og er af hálfu ríkisins afmarkað með eftifarandi hætti:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í Þverfelli við Hestskarð sem liggja að landamerkjum Svarfhóls í Álftafirði. Þaðan eftir fjallsbrúnum eins og vötnum hallar að Svarfhóli að upptökum Fjarðarár í Álftafirði, sem ræður merkjum Svarfhóls og Minni Hattardals. Þaðan eftir fjallsbrúnum í upptök Langár, sem ræður merkjum Minni og Meiri Hattardals. Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Hestfjarðarár sem ræður merkjum Hestfjarðarkots og kröfusvæðis sem kallað er almenningar Ögurhrepps. Þaðan sjónhending til austurs í fjallgarð sem skilur að Hestfjörð og Skötufjörð (5). Þaðan ráða hæstu fjallsbrúnir eins og vötnum hallar að sveitarfélagamörkum Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar. Þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan téðra merkja er því mótmælt. Umbj. minn telur vatnaskil auk skýrra lýsinga í landamerkjabréfi eiga að ráða afmörkun eignarlands. Stangist hnittsettir punktar eða uppdrættir samkvæmt þeim á við þinglýst landamerkjabréf, ráða landamerkjabréf.

Krafan byggir á landamerkjabréfi Svarfhóls, dags. 18. júlí 1890 sem afmarkar land jarðarinnar með eftifarandi hætti:

Land frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og Svarfhóls innan að Seljalandsá er rennur ofan með Seljalandstúni að utanverðu. Einnig land allt vestanmegin fjarðarár frá Vatnagiljum þ.e. Valagiljum, og sem vötnum hallar frá jökli. Óskipt upprekstrarland á móts við Minni Hattardal austanmegin Fjarðarár eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá, sem eru á sameignarlandi þessu notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt. Reka, landshlut og fjörunytjar á landi þessu eiga jarðirnar til helminga.

Vísað er til uppdráttar sem sem unnin er samhliða kröfulýsingu þessari. Umbj. minn gerir þann fyrirvara að enn á eftir að ljúka endanlega kortagerð fyrir landamerki jarðar hans. Verður þeiri kortagerð lokið hið fyrsta og upplýsingum komið áleiðis til óbyggðanefndar.

II. Málavextir:

Með bréfi óbyggðanefndar 27. nóvember 2019, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10 B til meðferðar og íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 2. mars 2020. Var fresturinn fram lengdur nokkrum sinnum og síðast til 15. september 2020.

Svæðið afmarkast með eftifarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar 27. nóvember 2019:

Sýslumörkum Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu er fylgt frá hafi við Geirólfssnúp milli Skjaldbjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er að norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er mörkum milli Norður-Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandasýslu fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandasýslu. Þaðan er síðast nefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Þann 15. september 2020 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á ofangreindu svæði. Í kjölfarið skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58, 1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd.

Umbj. minn telur til eignarréttinda á því landsvæði sem féll innan þjóðlendukröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar teljist þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er jarðeiganda því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

III. Málsástæður:

Umbj. minn byggir á því að umrætt land hafi verið numið í öndverðu og sé því fullkomíð eignarland. Byggt er á því að rekja megi eignarhaldið óslitið allt frá landnámi og til vorra daga.

Sé landið nú undirorpíð eignarétti sínum og verði ekki af honum tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinna þar um.

Umbj. mínn byggir á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem þeir telja til eignarréttinda yfir í dag. Þá sýni önnur gögn, ótvírætt fram á að umrætt land hafi alltaf verið háð einkaeignarétti og að sá eignarréttur hafi flust aðila á milli með hefðbundnum hætti. Í samræmi við það hafi aldrei verið svo á að umrætt land hafi verið talið til almennings eða afréttar eða annars konar svæðis sem sætt hafi notkun annarra en eigenda þess á hverjum tíma, nema þá með þeirra leyfi.

Umbj. minn byggja á því að nýting landsins, lega þess og staðhættir almennt, styðji stöðu þess sem eignarlands. Er því sjálfgefið að umbj. minn mótmælir öllum kröfum ríkisins um þjóðlendur innan landamerkja þess lands sem hann telur til beinna eignaréttinda yfir og krefst þess að kröfum ríkisins verði hafnað og einkaeignaréttur þeirra að landinu viðurkenndur.

Sérstaklega er mótmælt staðsetningu einstakra örnefna í kröfulýsingu íslenska ríkisins. Málsástæður jarðeiganda verða útlistaðar í ítarlegri greinargerð sem lögð verður fyrir óbyggðanefnd undir rekstri málsins.

IV. Heimildir og gögn:


Kröfur sínar byggja umbj. minn á þinglýstum og landamerkjabréfum fyrir umrædd landsvæði. Þá byggir hann kröfur sínar á Landnámu, lögfestum, málögum, landamerkjalýsingum, afsalsgerningum, lögum, dónum, heimildarskjölum og bæði fornum og nýjum vitnisburði, sem og öðrum gögnum s.s. fræðiritum. Umbj. minn mun eins og áður segir gera nánari grein fyrir þeim heimildum og gögnum sem hann byggir kröfur sínar á í greinargerð til óbyggðanefndar.

V. Lagarök:

Til stuðnings kröfum sínum vísar umbj. minn til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 1944, einkum 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62, 1994. Þá vísar jarðeigandi til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11, 1973. Jarðeigandi vísar enn fremur til ákvæða laga um hefð nr. 46, 1905 og til vatnalaga nr. 15, 1923. Þá vísar jarðeigandi til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttar nr. 58, 1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57, 1998. Jarðeigandi vísar og til landamerkjalaga nr. 41, 1919 og eldri laga um sama efni nr. 5, 1882, sem og til girðingarlaga nr. 135, 2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10, 1965.

VI. Áskilnaður:

Umbj. minn áskilur sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð jarðeiganda til óbyggðanefndar. Þá áskilur jarðeigandi sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Lok áskilur jarðeigandi sér allan rétt til þess að gera kröfu um allan þann kostnað sem hann hefur og kann að verða fyrir, við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst

Guðjón Ármannsson hrl.



Kröfulýsing

til

óbyggðanefndar

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október 2020, er lýst eignarrétti á neðangreindri jörð.

JÖRÐ: Eyri og Traðir, lnr. 141410, Súðavíkurhreppi.

EIGENDUR: Jörðin er í óskiptri sameign neðangreindra aðila:

Alda Gunnarsdóttir	kt. 060373-3969
Sigurborg Ágústsdóttir	kt. 070226-2439
Jónas Friðgeirsson	kt. 081052-2049
Iðunn Gunnarsdóttir	kt. 150681-3329
Rannveig Einarsdóttir	kt. 200753-5779
Ragnar Einarsson	kt. 210259-2019
Hrefna Gunnarsdóttir	kt. 230280-3399
Sigurveig Friðgeirs dóttir	kt. 231253-3869
Águst Friðgeirsson	kt. 240156-3939
Ásgeir Friðgeirsson	kt. 251058-4589
Jenný Einarsdóttir	kt. 291049-4359
Águst Vernharður Einarsson	kt. 291051-4729

MÁLFLUTNINGSUMBOÐ: Ólafur Björnsson hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda, með umboði frá **Sigurveigu Friðgeirs dóttur, kt. 231253-3869**, sem hefur umboð frá örðum eigendum jarðarinnar til að koma fram fyrir þá við úrlausn mála er lúta að réttindum og skyldum eigenda.

KRÖFUGERÐ: Þess er krafist að viðurkennt verði að ofangreindir þinglýstir eigendur ofangreindrar jarðar hafi beinan eignarrétt að öllu landi jarðarinnar **Eyri og Traðir í Seyðisfirði**, og að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt eftirfarandi heimildum;

Landamerkjabréfi fyrir Eyri við Seyðisfjörð frá júní 1921, þinglýst á manntalsþingi í Súðavík 29. júní 1922, þar sem segir um landamerki jarðarinnar:

Utan: Steinr rétt ofan við hestagötuna utanvert við Grjótstekk merkt L.M. Bein sjónhending þaðan til fjalls.

Inn.v.: Varða á bökkunum Stór steinn í miðjum engjunum, sem heitir Grásteinn þar um bein sjónhending í urðarfótinn, sem nær lengst niður, og er innan til við Bæjarhjallann.

Á Grjótdal: Klöpp á klettum við ána merkt L.M. Varða á hjallanum fyrir utan Smalaskálaholtið, þar um bein sjónhending í þrjá stóra steina ofantil við miðja hlíðina. Par fyrir framan skilur Uppsalaá lönd til fjalls.

Kirkjuland í Hestfirði: Frá Kofunefi inn að Seleyri úr Seleyri. Úr Seleyri heint til fjalls.

LÖGMENN SUÐURLANDI

Kirkjuland á Sjötúnahlið. Frá innri urð að Hamri. Kamsnes hefir slægjur þær, sem eru í kirkjulandinu á móti beit, sem Eyri hefir á Kamsnesinu.

Jafnframt er þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, hafnað og þess krafist að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málkostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málkostnaðarreikningi umþjóðanda mínum að skaðlausu.

MÁLAVEXTIR:

Málavextir eru þeir að með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er birtist þann 9. október 2020 var skorað á eigendur jarða í Ísafjarðarsýslu, þ.m.t. eigendur ofangreindrar jarðar, að lýsa kröfu sinni til landsins fyrir óbyggðanefnd, auk þess að gera grein fyrir landamerkjum jarðarinnar, með vísan til laga nr. 58/1998 með síðari breytingum.

SAGA JARÐAR:

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Eyri í Seyðisfirði.¹

Í máldaga Péturskirkju á Eyri í Seyðisfirði frá 1327 segur m.a.

Peturz kirkia a eyri j seydizfirdi á þriðjung j heimalandi, lannd á eidi

[...]

afreit a vesturheidar so morgu geldfe sem sá á er á eyri býr.

fiordung j hualreka j bardz vijk firir nordann rekamark. enn attung fyrir austann.²

Í máldaga Oddgeirs biskups Þorsteinssonar frá um 1367 segir að Péturskirkja á Eyri í Seyðisfirði eigi þriðjung í heimalandi.³

Í máldaga Vilchins fyrir Eyrarkirkju í Seyðisfirði frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

Pieturskirkia a Eyri j Seydisfirdi a þridiung j heimalandi. land a Eidi.

[...]

Afriett aa westurheidum med Hestfirdi so morgu gieldfie sem sa a er a Eyri býr.

fiordung i hualreka j Bardzvijk firir nordan Rekamark. enn attung firir austann.⁴

Í máldaga Péturskirkju á Eyri í Seyðisfirði frá 1460 segir eftirfarandi:

Peturskirkia a Eyre i Seidisfirdi á þridiung i heimalande. Land a Eyde fyrer C^c. Uppsali 12^c Jôrd. liggia þær badar innan þingár. 8^c jôrd á Ströndum er heiter Höfn med öllum vidreka. fiórdung i hvalreka i Bardsvík fyrir nordann Rekamark. enn áttung fyrir austann. afriett á Vesturheidum med Hestfirde so mörgu gieldfie sem þeir eiga er á Eyre búa. og hertil 13^c og 20 i frídu góttse og ófrídu.⁵

¹ DI XII, bls. 14.

² Íslenskt fornbréfasafn. II. bindi, bls. 616.

³ DI III, bls. 229.

⁴ DI IV, bls. 136.

⁵ DI V, bls. 222–223.

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Í málðaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir m.a. um Eyrarkirkju í Seyðisfirði:

Kirkian æ Eyre i Seydisfirdi á thridiung i heimalandi.

Jtem Landhøfn. Lxxx. alner i landskyld og Eidi.

[...]

Jtem jtauk kirkunnar. affriett að Vesturheidum med Hestfirdi so morg gielld naut sem sā að sem að Eidi byr. fiordung i hualreka i Bardzvijk fyrer nordan rekamark. enn ättung fyrer austan.

[...]

Jtem Jardagotz til tijundar hundrad hundrada.

Jtem heff eg bifalad og vmmbedid thann ærliga dandismann Gudmund bonda Helgason. ad hann haffe fulla macktt og vmmision yffer kristfiär jordunne Heste i Hestfirdi. Läte jördina vid macktt halldast og thad henne fylger.⁶

Í ví�itasíbók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 12. ágúst 1639 segir um Eyri í Seyðisfirði:

Anno 1639 12 Augusti aa Ejre J Sejdisfyrde þetta effterskrifad sied og tilsagdt aff kirkjunnar ejgn.

[...]

hun skal eiga þridjung í heimalande. ~~uppsale~~ ~~xij~~ hndr. Ejd vj hndr. Hóffn a hornstróndum vijj hndr. Rekapart i Bardzvýk millum tueggia gardzenda. Skog fra Kofaneffe og Jnn ad Kolbejns ejre.

[...].⁷

Í ví�itasíbók Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 21. ágúst 1650 segir um Eyri í Seyðisfirði:

Anno 1650 21 Augusti Petursskirkia ad Eire J Sejdissfirdi a so J fostu og lausu hene skriffad var J fyrstu visitatiu Ao 1639, sem er þridiung J heimalandi land ad hoffn og Eidi affrjett a vesturhejdum med hestfirdi, So morg gielldnaut sem sa a er a Eire byr Vilchinssbok seigir so morg gielldfie er fiordung J Hualreka J Bardssvýk fyrir nordan Rekamark enn attung fyrir austann,

[...].⁸

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Eyri í Seyðisfirði:

Eire.

Kirkjustaður annecteraður með Ögri.

Jarðardýrleiki xxiiii hndr. á heimastaðnum, og so tífundast, en með því að kirkjan á þriðjung í heimalandi, þá er dýrleikinn alls á staðnum xlvi hndr. með Kamsnesi og Uppsölum, sem hvörutveggja er bygt af heimalandi og kirkjunni eignað í sinn þriðjung staðarlandsins.

Eigandinn Magnús Jónsson hjer heima.

Ábúandinn hans móðir Íngibjörg Pálsdóttir.

Landskuld er óviss, því eigendur hafa ábúið í 60 ár eður lengur.

⁶ DI XV, bls. 568–569.

⁷ Eyri í Seyðisfirði. 12. ágúst 1639. (Bps. A. II, 6. Ví�itasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, bls. 17–18).

⁸ Eyri í Seyðisfirði. 21. ágúst 1650. (Bps. A. II, 6. Ví�itasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639–1671, bls. 177–179).

LÖGMENN SUÐURLANDI

[...].

Torfrista og stúnga við lakari kost. Reki hefur ei heppnast í manna minni.

Kirkjan á fjórðung í hvalreka í Barðsvík fyrir norðan rekamark, en áttung fyrir austan. Ekki hefur kirkjan notið þessa ítaks so menn viti. Afrjett á vesturheiðum með Hestfirði so mörgu geldfje sem sá á, er á Eyri býr. Þessa ítaks hefur staðurinn notið átölulaust. Skógr frá Kofanesi og inn að Kolbeinsey. Það land liggur með Hestfirði vestanfram. Þessa skógarótaks nýtur staðurinn, þó það sje nú mjög eytt og valla meir en so bjargarlegt til eldiviðar.

[...].

Trader. Hjáleiga af staðnum byð skamt frá heimatúnini hjer um fyrir 40 árum.

Dýrleikinn talinn í heimastaðnum.

Ábúandinn Ólafur Hannesson.

[...]

Hestum er vogað á útigáng, burt komið þá að herðir.

Kostir og ókostir sem áður segir um heimastaðinn, nema einkis nýtur hjáleigumaðurinn af ítökunum nje heimræðinu

[...].⁹

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Eiði í Hestfirði:

Eide.

Jarðardýrleiki vi hntr., og so tíundast.

Eigandinn Eyrarkirkja i Seyðisfirði og proprietarii þar til.

[...].¹⁰

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eyrarsókn frá 1710 segir eftirfarandi um afréttarlönd í Eyrarsókn:

Afrett fyrir lömb og geldfje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það i búfjárhögum og fjölinum þar upp frá á hvörrí jörðu. Naut og hesta hafa menn rekið stundum á fjöllin upp frá Hestfirði og hafa þar þó öngvan vissan töll fyrir goldið heldur óákveðinn líttin góðbiðja Hestfjararábúanda, sumir ekkert.¹¹

Í vísitasíbók Eyrarkirkju frá 22. júní 1763, segir um eftirfrandi um eignir kirkjunar:

Anno 1763 þann 22an Junii Var visiterud kyrkiann ad Eýri vid Seidisfiord af profastenum Sr Magnuse Teitssyne, Hun á 3iung i Heimalande, Land á Eydi 6 hntr. Hófn á Hornstróndum 8 hntr., afrett a Vestur Heidum med Hestfyrde, So mórg gelldna[ut] sem sa á sem á Eýri byr. Fiördungi i Hvalreka i Bardsvík fyrer nordann Rekamark, enn Ättung fyrer austann Skög frá Kofanesi og Jnn ad Kolbeinseyri.

[...].¹²

Í jarðamati 1804 segir um Eyri og Traðir í Seyðisfirði:

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 181.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, bls. 186.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 187.

¹² Eyri í Seyðisfirði. 22. júní 1763. (Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. AA/1. Vísitasíubók 1763–1772, bls. 48–51).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

No 14.a.

Eyre /- Eidesfiord/:

1/3 tilhørende Kirke paa Stedet 2/3 tilhørende Provst Hr G. Svendsen

Dyrhed 24 hndr.

Beboere Sysselmand Hr Johnsonius og Snedker S. Holt

[...]

Udegang for beder som ved No 1 neml. for 20 St. –

Forellefangst haves undersiden betydelig undertiden slet ingen og sættes at give en Fordeel pr Aar, der eqvivalerer $\frac{1}{4}$ Koe. –

af Fieldgræs faaes 1 $\frac{1}{2}$ Tonde. –

Fiskeri drives ved et 5 Mannefar og giver pr löt om Aaret $\frac{1}{2}$ væt af alslags Fisk. –

p. n. her holdes 16 Lam.

No 14.b.

Trader Hialeje til Eyre. –

lejlænding Magnus Gudmundsen

[...]

Udegang haves for 5 Beder der evalueres som ved No 2. –

p n her holdes 5 lam –.¹³

Í jarðatali Johnsens frá 1842 segir að Eyri við Seyðisfjörð sé í beneficium, metin til 24 hdr. að dýrleika, um Traðir segir að hún sé hjáleiga, enn fremur segir um Eyri í neðanmálgrein:

A. M., sem telur hér 6 kirkjukúgildi og leigumálann á hjáleigunni, segir þriðjung jarðarinnar eign kirkjunnar. Sjá M. Ketils. I. 150.¹⁴

Í jarðamati 1849-1850 segir um Eyrir í Seyðisfirði:

Árid 1849 Augúst 6 var jardamatþíng sett ad Súdavík ad bodi Tilskipunar 27 Mai 1848 af sýslumanni Ísfirdíngu – hvar þá – var fyrirtekið

ad meta jardir allar í Súdavíkurhrepp.

[...]

8. Eyri: Slægjur allvænar, gott tún og skógarítak tóluverdt, silúngrveidi og ablavon eigi óhæg af sjó bæta harla mjóg þessa jörd, er ad óllu er falleg og sætileg.

[...].¹⁵

¹³ Eyri í Seyðisfirði. Jarðamat 1804. (Rentukammer, E/70-1, Jarðabók Ísafjarðarsýslu 1802–1804, bls. 85v).

¹⁴ Jón Johnsen, Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn, 1847, bls. 199.

¹⁵ Tröð í Álfafirði, Saurar í Álfafirði, Dvergasteinn í Álfafirði, Seljaland í Álfafirði, Minni-Hattardalur í Álfafirði, Eyri í Seyðisfirði, Kleifar í Seyðisfirði, Hestfjarðarkot í Hestfjörði (Hestfjörður), Eiði í Hestfjörði. (Íslenska stjórnardeildin, J/2-6, Jarðamat Ísafjarðarsýslu 1849–1850, án blaðsíðutals).

 LÖGMENN SUÐURLANDI

Í skýrslu um landamerki Eyrar og Traðar í Seyðisfirði, dags. 9. júní 1883, sem var þinglesin á manntalsþingi í Súðavík 11. júní 1883, segir eftirfarandi um landamerki jarðarinnar:

Skýrsla um landamerki Eyrar og Traða í Seyðisfirði.

Landamerki á Eyri og Tröðum eru að innanverðu í miðjan Grástein, sem stendur í miðjum engjum, og vörðu á sjávarbakkanum og aðra við Urðarfætur og útí Stein utan til við Grjótstekk merktan L.M. og beina sjónhending til fjalls. Á Grjótdal allan dalinn frá þrísteinum í hlíðinni, sem eru í röð, og í vörðu á engjunum og að ytri enda á Sortaugnaholti og beint niður í Uppsalaá, og það allt stykki til fjalls, sem áin deilir.

Eyri, 9. Júní 1883.

Guðmundur Bárðason.

Hér til staðfestu eru okkar náþylismanna undirrituð nöfn:

Hjalti Sveinsson. Ari Guðmundsson Uppsölum

[á spássíu] Þinglesið á manntalsþingi í Súðavík 11/6 83. C. Fensmark

[...].¹⁶

Í vísitasíbók Eyrarkirkju frá 21. ágúst 1887 segir um eignir kirkjunar:

Árið 1887 21. dag ágústmán. að aflokinni messugjörð visiteraði undirritaður prófastur kirkjuna að Eyri við Seyðisfjörð. Hún heldur öllum eignum sínum og ítökum. Þess skal getið, að ágreiningur hefur verið um landamerki milli jarðarinnar Eyðis, sem er eign Eyrarkirkju í Seyðisfirði og Kleifa, sem er eign Rafnseyrkirkju, en með merkjadómi, sem uppkveðinn var 23. dag júlimán, var það mál til lykta leitt og Eyði fékk þar, slægju stykki nokkurt, er það ávallt hefur gjört tilkall, til, þó að það um nokkur undanfarin ár hafi verið notað frá Kleifum. –

[...].¹⁷

Í fasteignamati 1916-1918 fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, segir um Eyri í Seyðisfirði:

26. Fyrirtekið pt. Ísafirði 5 desember 1916 að meta jörðina Eyri i Seyðisfirði Nr 16 með eyði hjáleigunni Traðir. 24 hndr. f. m.

Eigandi: Jón Guðmundsson Eyrardal

Ábúandi: Jón Jakobsson

Lýsing jarðarinnar

[...]

b. Jarðnytjar: Túnið talið 8 ha, harðlent í góðri rækt 2/3 slétt. Töðufall 260 hestar

Útengi: snöggengl, þýft, votlent og ósamfelt.

Beitiland gott. Fjörubeit nokkur.

c Ønnur jarðgæði og hlunnindi:

Mótak lítið og torfrista.

Byggingarefni nærtækt, möl og sandur.

¹⁶ Eyri við Seyðisfjörð. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1958, án bls., nr. 2).

¹⁷ Eyri í Seyðisfirði. 21. ágúst 1887. (Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi. AA/4. Vísitasíubók 1869–1892, án blaðsíðutals).

LÖGMENN SUÐURLANDI

[...]

Ágreiningur um landamerki

Mat: —

- a. Jörðin 6900 kr.
 - b. mannvirki 500 7400 kr.
 - c Jarðarhús 1200 – 8600 kr.
 - d. Hús ábúanda 1300 –
9900 kr.
 - e Kirkja 3000 –
- Alls kr. 12900 –
- [...].¹⁸

Landamerkjabréf fyrir Eyri við Seyðisfjörð var skráð í júní 1921, en þar segir eftirfarandi:

Eyri í Seyðisfirði Norður-Ísafjarðarsýslu á þessi landamerki:

Utan: Steinn rétt ofan við hestagötuna utanvert við Grjótstekk merkt L.M. Bein sjónhending þaðan til fjalls.

Inn.v.: Varða á bökkunum Stór steinn í miðjum engjunum, sem heitir Grásteinn þar um bein sjónhending í urðarfótinn, sem nær lengst niður, og er innan til við Bæjarhjallann.

Á Grjótdal: Klöpp á klettum við ána merkt L.M. Varða á hjallanum fyrir utan Smalaskálaholtið, þar um bein sjónhending í þrjá stóra steina ofantil við miðja hlíðina. Þar fyrir framan skilur Uppsalaá lönd til fjalls.

Kirkjuland í Hestfirði: Frá Kofunefi inn að Seleyri úr Seleyri. Úr Seleyri beint til fjalls.

Kirkjuland á Sjötúnahlíð. Frá innri urð að Hamri. Kamsnes hefir slægjur þær, sem eru í kirkjulandinu á móti beit, sem Eyri hefir á Kamsnesinu.

Í júní 1921

Jón Guðmundsson eigandi.

Samþykcur Rögnvaldur Guðmundsson Grímur Jónsson Magnús Ásgeirsson.

[á spássíu] Lesið á manntalsþingi í Súðavík 29. júní 1922¹⁹

Á manntalsþingi Súðarvíkurhrepps sett í Súðavík, þann 29. júní 1922, var þinglesið landamerkjabréf fyrir Eyri í Seyðisfirði, dags. júní 1921.²⁰

Þann 18. apríl 1940 keypti Águst Hálfðánarson, bóndi á Eyri í Seyðisfirði, eignarrétt Sigríðar Jónsdóttur, búanda í Eyrardal í Álfafirði, yfir jörðinni Eyri í Seyðisfirði í Súðarvíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, ásamt hjáleigunni Traðir, alls að dýrleika 24 hundruð að fornu mati, með öllum gögnum og gæðum til lands og sjávar, 20 áa kúgildi, húsum og öllum öðrum mannvirkjum á jörðinni þar á meðal kirkju þeirri, sem stendur á Eyri í Seyðisfirði ásamt öllum eigum kirkjunnar hverju nafni sem nefnast, að jörðinni

¹⁸ Eyri í Seyðisfirði. (Fjármálaráðuneytið – Fasteignamat, AA/7-1, Norður-Ísafjarðarsýsla, undirmat I 1916–1918, bls. 213–214).

¹⁹ Eyri við Seyðisfjörð. (Sýsl. Ísafj., DC/1, Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883–1958, án bls., nr. 248).

²⁰ Hlíð í Álfafirði, Eyri í Seyðisfirði, Kleifar í Seyðisfirði. Manntalsþing 29. júlí 1922. (Sýsl. Ísafj., GA/7-3, Dómsmálabók Ísafjarðarsýslu 1920–1924, bls. 167–171).

 **LÖGMENN SUÐURLANDI**

Eyði í Hestfirði undanskilinni. Þá segir um landamerki að þau séu þau sem fram eru tekin í landamerkjalyssingu dags. í júní 1921, þinglesin að manntalsþingi í Súðavík þann 29. júní 1922.

Erfingjar Ágústs Hálfdánsonar seldu svo Halldóri Ágústssyni jörðina Eyri með kaupsamningi, dags. 20. október 1968. Núverandi eigendur jarðarinnar eru erfingjar Halldórs.

Í sóknarlýssingu Vestfjarða, lýsing á Ögurþingsprestakalls og Eyrarsóknar, segir m.a. um Eyri og Eiði:

Seyðisfjörður.

Traðir, 6 Hdr. Hjáleiga Eyrar.

Eyri, 18 Hdr. Kirkjustaður. Hún hefur slægjur nægar, en engan skóg heima. Þar er skipalega góð. Í vestur liggur undir hana dalur (Grjótdalur). Á honum er góð selstaða og 100 hestar slægja, einninn mótag, en selið hefur ei brúkað verið síða 1839, að prestur færðist þaðan að Svarfhóli. Húsað er þar all sæmilega.

[...].

Hestfjörður.

[...].

Eiði, 6 Hdr. Skógarjörð, með litlum slægjum. Þá er kirkjuland Eyrar, inn að almenningi Súðavíkurhepps. [...].²¹

Í örnefnaskrá fyrir Eyri í Seyðisfirði, sem Jóhann Hjaltason skráði sumarið 1964 eftir sögn Ágústs Hálfdánarsonar, bóna á Eyri, segir m.a. eftirsarandi:

Utarlega við Seyðisfjörð að vestaverðu er bærinn Eyri, sem er fornt auðmanna og höfðingjasetur. [...].

[...].

Í örnefnaskrá Hestfjarðarkots, sem Jóhann Hjaltason skráði 1964 eftir sögn Ágústs Hálfdánarsonar, bóna á Eyri í Seyðisfirði, segir m.a. eftirsarandi um hið umþrætta landsvæði:

[...].

[...]. Nokkru utar við fjörðinn er svo Seleyri (19), [...]. Talið er að land Hestfjarðarkots nái aðeins út að Seleyri, en þar fyrir utan út að Eiðislandi heitir Kirkjuland (22) einu nafni, enda lá það undir Eyrarkirkju í Seyðisfirði og liggur víst enn, og var þá nytjað frá Eyri, sem ekki hefur verið gert á seinni árum eða öldum. Þar er mikill skógur og slægjur í svo nefnum Árdal (23) uppi á fjallinu. [...].

Í örnefnaskrá Eiðis, sem Jóhann Hjaltason skráði 1964 eftir sögn Ágústs Hálfdánarsonar, bóna á Eyri í Seyðisfirði, segir m.a. eftirsarandi um hið umþrætta landsvæði:

[...].

Þar er bærinn Eiði (2) á sjávarbakkanum Hestfjarðarmegin. Landamerki á milli Kirkjulandsins, sem talið er í örnefnaskrá Hestfjarðarkots, er við svonefnt Kofunef (3), sem er klettur við sjóinn. [...].

[...].

Eiði var fyrrum eitt af kotum Eyrarkirkju í Seyðisfirði, [...].

Í örnefnaskrá Hestfjarðarkots, sem Jónína Hafsteinsdóttir skráði 12. febrúar 1979, segir um hið umþrætta svæði:

[...].

²¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfízkra áthagafélaga (1952), bls. 133-134.

LÖGMENN SUDURLANDI

[...]. Talið er, að land jarðarinnar nái aðeins frá Fjarðará í botni Hestfjarðar og út að Seleyri, en þaðan og út að landamerkjum Eiðis er nefnt Kirkjuland (2), enda lá það undir Eyrarkirkju í Seyðisfirði og mun gera enn.

[...].

Landamerki Eiðis og Kirkjulandsins eru við Kofunef (3), sem var klettur við sjóinn, ekki langt fyrir innan Eiði. Kletturinn sést nú ekki lengur, því að hann var brotinn niður við vegagerð.

Við landamerkin byrjar Mórilluhjalli (4), sem vaxinn er háum skógi. Hann nær inn fyrir Seleyri. [...].

[...].

Seleyri (11) heitir eyri, sem gengur út í Hestfjörð að vestanverðu. [...]. Seleyrinni hefur nú verið spilt við vegagerð. Upp af Seleyri eru hjallar, sem heita Selhjallar (13). [...].

[...].

Fossar koma ofna úr dal uppi í fjallinu, sem nefnur er Árdalur (18) eða Ádalur (19). Í honum er bæði skógur og slægjur. Fyrir utan Ádal er fjallhorn, sem heitir Vatnadalshorn, en það tilheyrir Kleifarlandi, Milli Ádals og Draugadals eru Veturlönd (20). Það eru hjallar upp undir fjallinu, frá Brúnum upp að sjálfum fjallgarðinum. Þarna voru slægnablettir.

Að öðru leyti vísast til annarra gagna er liggja frammi í málinu.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK:

Eignarréttur landeigenda til umþrættra landsvæða er verndaður í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlagra nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Á því er byggt að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphaflegs landnáms á svæðinu. Svæðið er ekki mjög hárent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa umbjóðanda míns byggir á máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum og fleiri þeim skjölum er varða **Eyri og Traðir í Seyðisfirði** sem vísað er hér til. Visað er til tveggja skjala er varða landamerki jarðarinnar, það fyrra skýrsla um landamerki er dags. 9. júní 1883, og var þinglesið á manntalsþingi í Súðavík 11. júní 1883. Hið seinna landamerkjabréf fyrir Eyri er frá júní 1921 og var þinglesið á manntalsþingi í Súðavík 29. júní 1922. Í því er hinu umþrætta landsvæði lýst með eftirfarandi hætti: „*Kirkjuland i Hestfirði: Frá Kofunefi inn að Seleyri úr Seleyri. Úr Seleyri beint til fjalls.*“

Á því er byggt að jörð með þinglýstum landamerkjum sem styðjast við eldri eignarheimildir sé eignarland. Sá er heldur öðru fram hefur sönnunarbyrðina fyrir því. Má í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Mýrdalsdóma, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í málí 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Um **Eyri í Seyðisfirði** stendur í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, að jörðin sé kirkjustaður, 24 hundruð að dýrleika og að eigandi sé Magnús Jónsson en kirkjan eigi þó þriðjung í heimalandinu. Þá sé dýrleiki staðarins 42 hundruð séu Kambnes og Uppsalar taldar með, en „*hvörutveggia er bygt af heimalandi og kirkjunni eignað i sinn þriðjung staðarlandsins.*“ Þá er getið um **Traðir** sem hjáleigu frá staðnum, dýrleikinn talinn með heimastaðnum. Í *Jarðabókinni* er jafnframtað fjallað um eignir kirkjunnar en þar segir m.a. að kirkjan eigi „*Afrjett á vesturheiðum með Hestfirði so mörgu geldjfe sem sá á, er á Eyri býr. Pessa ítaks hefur staðurinn notið átölulaust. Skóg frá Kofanesi og inn að Kolbeinsey. Það land liggur með Hestfirði vestanfram.*“ Í *Jarðabókinni* segir svo um jörðina Eyði að eigandi hennar sé

LÖGMENN SUÐURLANDI

Eyrarkirkja í Seyðisfirði. Loks segir svo í *Jarðabókinni* um afréttarlönd í Eyrarsókn, að „*Afrett fyrir lömb og geldfje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það i búsfárhögum og fjöllunum þar upp frá á hvörri jörðu.*“ Eyri er getið í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804, þar sem segir að jörðin sé 24 hundruð að dýrleika, 1/3 tilheyri kirkjunni. Þá segir einnig í *Jarðatali Jóns Johnsen* frá 1847 að **Eyri við Seyðisfjörð** sé beneficium og sé 24 hdr. að dýrleika, enn fremur segir að þriðjungur jarðarinnar sé eign kirkjunnar.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað er til í málinu er ljóst að allt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsingin hér að ofan hljóðar á um, er háð beinum eignarrétti og tilheyrir allt land innan þeirra merkja jörðinni **Eyri og Tröðum í Seyðisfirði**.

Samkvæmt ofangreindum heimildum hefur umbjóðandi minn, ásamt sameigendum sínum, óskoraðan eignarrétt fyrir þessari eignarjörð sinni með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Eigendur hafa farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafa þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margssinnis viðurkennt að umrætt land, innan ofangreindra landamerka, sé undirorpíð fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vesfengingarkröfu á hendur eigendum jarðarinnar, þá sé ljóst að hún sé löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hefur öllum heimildarskjölum umbjóðanda míns, og sameigenda hans, verið þinglýst athugasemdalaust.

Á því er byggt að sá sem hefur í hendi þinglýsta eignarheimild talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið hefur því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land umbjóðanda míns og sameigenda hans sé ekki fullkominn eign þeirra.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 17. gr. laga nr. 58/1998, sbr. lög nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. Vísað er til meginreglna í eignarrétti og til stjórnarskrár, einkum 72. gr. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarfarsréttar og stjórnsýsluréttar. Vísað er til reglna um hefð.

MÓTMÆLI VIÐ KRÖFULÝSINGU RÍKISINS:

Kröfugerð ríkisins, dags. 15. september 2020, vegna ofangreindrar jarðar er mótmælt í heild sinni.

Jörðin **Eyri og Traðir í Seyðisfirði** er ein þeirra jarða sem á land sem liggur innan kröfusvæðis ríkisins sem nefnt er **Almenningar Hestfjarðarkots**. Þjóðlendukröfu ríkisins á svæðinu, að því marki sem hún tekur til lands jarðarinnar, er hafnað og þess krafist að innan landamerka jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna.

Því er haldið fram af hálfu landeigenda að allt land í **Ísafjarðarsýslu** hafi frá landnámi verið undirorpíð beinum eignarrétti. Landamerki fyrir jörðina **Eyri og Traðir** eru mjög gömul, en jarðarinnar er getið í fornum ritum og allt til um ársins 1200.

Í kröfulýsingu ríkisins virðist þjóðlendukrafa ríkisins einkum byggja á því að heimildir af svæðinu vísi einkum til þess að það hafi verið nýtt ýmist sem afréttur, sem og að einstaka jarðir hafi átt í hluta kröfusvæðinu ítök en ekki beinan eignarrétt. Jafnframt er vísað til þess að miðað við landfræðilegrar legu landsins og staðhátta sé landið þjóðlenda, en það sé að mestu í töluverðri hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytað að örðu leyti. Hvað þetta varðar vilja landeigendur benda á eftirfarandi:

Hið umþrætta landsvæði hefur verið nefnt Kirkjuland enda tilheyrið það kirkjunni að Eyri, og er lýst sem slíku í landamerkjabréfi jarðarinnar frá júní 1921. Rétt er að benda á að kirkja að Eyri var jafnframt

 **LÖGMENN SUDURLANDI**

eigandi að 1/3 í jörðinni Eyri. Notkun á umþrættu kirkjulandi var svo heimiluð þeim sem á Eyri bjó fyrir gjeldfí sitt. Þótt vísað sé til kirkjulandsins sem afréttar í fornnum ritum, vilja landeigendur þó áréttu að notkun svæðisins hafi aðeins verið heimiluð þeim sem á Eyri bjó en ekki öðrum. Jafnframt hafi Eyri notið þessa ítaks átölulaust, sbr. því sem kemur fram í Jarðabók Árna og Páls. Þá er einnig bent á að hið umþrætta landsvæði var ekki eingöngu notað til upprekstrar, heldur eru einnig heimildir um aðrar nytjar af svæðinu. Í því sambandi má nefna að svæðið var vaxið skógi sem er m.a. nefnt í Jarðabók Árna og Páls, sem og slægjur voru í svonefndum Árdal uppi á fjallinu.

Auk ofangreinds telja landeigendur ljóst að þótt svæðinu sé lýst sem afrétt sé hins vegar ekki um þjóðlendu að ræða, heldur sé svæðið háð beinum eignarrétti. Um þetta er bent á umfjöllun um afréttarlönd í Eyrarsókn í Jarðabók Árna og Páls, en þar segir „*Afrett fyrir lömb og geldfje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það í búsfjárhögum og fjöllunum þar upp frá á hvörri jörðu.*“ Að því er varðar eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur benda landeigendur á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geta allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hefur verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 (Stórhöfði) og Hrd. 536/2006 (Hvítmaga).

Í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1921 eru merkjum svæðisins skýrlega lýst og telur landeigandi rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil, sbr. orðalagið „*Úr Seleyri beint til fjalls*“. Því er harðlega mótmælt að staðsetning landsvæðisins á landinu, eða landfræðileg lega og gróðurfar svæðisins að öðru leyti og ágiskanir um nýtingu þess í gegnum árin út frá því, geti leitt til þess að svæðið teljist þjóðlenda líkt og ríkið virðist byggja á í kröfulýsingu sinni. Bent er sérstaklega á í þessu tilliti að landsvæðið er ekki frábrugðið fjölmörgum svæðum sem talin hafa verið til eignarlanda.

Þá bendir ekkert til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land jarðarinnar **Eyri og Traðir í Seyðisfirði** er greinilega allt innan landnáms. Virðast hugmyndir ríkisins þess efnið að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangast á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði sem lýst er hér að framan, en samkvæmt þessum skjölum er ljóst að allt land á svæðinu hefur verið háð beinum eignarrétti. Það að landsvæðið sé aðskilið heimajörðinni getur heldur ekki eitt og sér gert það að þjóðlendu. Ljóst er að jörðin Eyri er fornt auðmanna og höfðingjasetur, og bendir margt til þess að nálægar jarðir, Kambnes, Uppsalir og Eiði hafi verið hjáleigur frá þeirri jörð. Umþrætt landsvæði er einmitt aðliggjandi Eiðarlandi en um Eiði segir m.a. í Jarðabók Árna og Páls að eigandi sé Eyrarkirkja í Seyðisfirði.

Á það er bent að lög um landamerki voru til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til séu eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Núverandi landamerki eru þinglýst athugasemdalaust og hafa verið viðurkennd af öllum aðilum, þ.m.t. hinu opinbera um áratugaskeið.

Smöldun sauðfjár hefur ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hefur getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Er þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

FRAMLÖGÐ GÖGN:

1. Kröfugerð þessi.
2. Veðbandayfirlit
3. Fasteignayfirlit

 **LÖGMENN SUÐURLANDI**

4. Lögmannsumboð, dags. 9. júní 2021
5. Umboð Einars Ágústssonar til Ágústs V. Einarssonar, dags. 13. júlí 2012
6. Umboð Sigurborgu Ágústsdóttur til Rannveigar Ólafsdóttur, dags. 29. júlí 2012
7. Umboð Ágústs Einarssonar og Rannveigar Ólafsdóttur til Sigurveigu Friðgeirs dóttur, dags. 25. júlí 2012
8. Umboð Jónas Friðgeirssonar, Ágústs Friðgeirssonar og Ásgeirs Friðgeirssonar til Sigurveigu Friðgeirs dóttur, dags. 27. júlí 2012
9. Kaup- og afsalsbréf, dags. 18. apríl 1940
10. Kaupsamningur dags. 20. október 1968
11. Einkaskiptagerð, dags. 5. september 2001
12. Skiptayfirlýsing, dags. 28. júní 2010
13. Örnefnaskrá fyrir Eyri í Seyðisfirði frá 1964
14. Örnefnaskrá fyrir Hestfjarðarkot frá 1964
15. Örnefnaskrá fyrir Eiði frá 1964
16. Örnefnaskrá fyrir Hestfjarðarkot frá 1979

ÁSKILNAÐUR OG MÓTMÆLI:

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður og gögn fyrir óbyggðanefnd ef tilefni verður til síðar. Uppdrætti af landamerkjum ásamt hornpunktaskrá verður skilað inn síðar.

Þess er óskað að málið verði munnlega flutt komi til málflutnings fyrir óbyggðanefnd.

Selfossi 9. júlí 2021



Skúli Geir Ólafsson flt.
f.h. Ólafs Björnssonar hrl.

Lögfræðibjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. kt. 570800-2560
Sigtúni 42. BBox 8552 128 Reykjavík – Ísland
Sími 5787805 – 8921303 – Netfang: sigurdursig@gmail.com
Sigurður Sigurjónsson hrl.

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Kröfulýsing á svæði 10.B. Ísafjarðarsýslur. Hestfjarðarkot og Almenningar Ögurhrepps

Fyrirvarsmaður málsaðila.

Undirritaður Sigurður Sigurjónsson hrl., kt. 240346-2579, Sigtúni 42, Reykjavík fer með mál þetta samkvæmt umboði frá Súðavíkurhreppi kt. 630269-4589.

Málsaðilar.

Fjármála-og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli 150, Reykjavík kemur fram í máli þessu f.h. íslenska ríkisins sbr. 2. og 11. gr. l. nr. 58/1998.

Umbj.m. minn Súðavíkurhreppur, kt. 630269-4589, er eigandi að Hestfjarðarkoti og Almenningum Ögurhrepps og er aðili að máli þessu.

Á árinu 1994 var Ögurhreppur ásamt Reykjafjarðarhreppi sameinaður Súðavíkurhreppi og er heiti hreppanna þriggja nú Súðavíkurhreppur.

Kröfur.

1. Að úrskurðað verði að eignarland Súðavíkurhrepps, sem er Hestfjarðarkot og Almenningar Ögurhrepps, sé fullkomíð eignarland og falli utan marka þjóðlendna.
2. Að umbj.m. verði úrskurðaður allur málskostnaður.

Landamerki og rökstuðningur krafna.

Með bréfi Óbyggðanefndar var umbj.m. gefinn kostur á að svara kröfum ríkisins vegna eignarlanda sinna. Meðal þeirra eru Hestfjarðarkot og Almenningar Ögurhrepps, sem svo hafa verð kallaðir frá ómunatíð. Hestfjarðarkot og Almenningar Ögurhrepps eru samliggjandi um Hestfjörð. Hestfjarðarkot að vestan en Almenningar Ögurhrepps að austan.

Landamerki eru ágreiningslaus. Í bókum hreppsnefndar Ögurhrepps má sjá að á sjötta og sjöunda áratugnum setti Bjarni Helgason bóni á Kleifum fram kröfur varðandi landamerki milli almennings Ögurhrepps og Kleifa, sem leiddu til þess að hinn 08.10.2009 var þinglýst yfirlýsing, sem fól í sér samkomulag milli Ögurhrepps vegna Almenninga Ögurhrepps annars vegar og eiganda Kleifa hins vegar. Var umræddri

yfirlýsingu þinglýst og urðu þar með ágreiningslaus landamerki á milli Almenningar Ögurhrepps og Kleifa. Að sunnan eru mörk í Lambadalsfjall Súðavík og eru mörkin á vatnaskilum þar sem vötn falla til norðurs. Á bls. 181-182 gefur að líta undir kröfulið 5.4.5. Hestfjarðarkot og 5.4.6. Almenningar Ögurhrepps kröfur íslenska ríksins. Er kröfunum mótmælt.

Á framlögðu korti íslenska ríkisins koma fram þjóðlendukröfulínur en gerð er krafa um þjóðlendu yfir allt land Ögurhrepps í Almenningi Ögurhrepps og jarðarinnar Hestfjarðarkots auk þess, sem gerð er krafa um eignarlönd hreppsins í Lambadalsfjalli en hæstu tindar Lambadalsfjalls ráða merkjum á milli Súðavíkurhrepps annars vegar og Ísafjarðarbæjar hins vegar.

Jörðin Hestfjarðarkot er í botni Hestfjarðar, lýsingu má sjá í gögnum Óbyggðanefndar A.5.c.241. Þar kemur fram að Súðavíkurhreppur sé eigandi en jörðin sé notuð af hreppsbúum fyrir afrétt. Á jörðinni séu engin hús og engin ábúð hefur verið á jörðinni síðastliðin 15-20 ár. Á jörðinni er sagt skóglendi mikið og beitiland kjarn Gott.

Í gögnum má ennfremur sjá skráningu um jörðina í jarðarmati 1804, sem er skjal A.5.a.140. Þar er jörðin tilgreind, sem (fattiges jord). Á bls. 147 undir kaflanum 4.3.5 er fjallað sérstaklega um Hestfjarðarkot en þar segir að jörðin hafi verið kirkjuland og tilheyrt Péturskirkju á Eyri í Seyðifirði frá 1327.

Ennfremur eru lýsingar á jörðinni, nýtingu hennar og jarðarbók Áma Magnússonar og Páls Vídalíns kemur fram, að jörðin eigi afrétt á vesturheiðum með Vatnsfirði. Kallast það Hestfjarðarheiði. Jörðin Hestfjarðarkot er tilgreind gömul kristfjár jörð og árbók FÍ frá 1949 er upplýst að jörðin hafi verið í eyði en sé afréttur.

Nýting Ögurhrepps fyrrum og Súðavíkurhrepps á síðari tímum á Hestfjarðarkoti hefur falist í útleigu á Almenningi í Hestfirði annars vegar og hins vegar í útleigu á veiði í Fjarðaránni, sem rennur í fjarðarbotninum en í henni eru veiði og vatnsréttindi.

Ögurhreppur hefur nýtt beitarlönd og slægjur í Almenningi Ögurhrepps frá ómuna tíð. Við athugun á reikningum Ögurhrepps frá 1896 og langt fram á tuttugustu öld er gerð grein fyrir tekjum af leigu hreppsins af Almenningum bæði Almenningum Ögurhrepps í Hestfirði og Skötufirði. Má þar sjá úr bókum hreppsnefndar af reikningum og fundargerðum að hreppurinn hefur haft tekjur og nýtt hvoru tveggja veiðiréttindi með samningum og beitar- og slægju réttindi. Var hvoru tveggja um að tevla leigu til einstakra bænda og fleiri aðila á beit og slægjum. Liggja fyrir gögn til stuðnings þessu.

Lagður verður fyrir Óbyggðanefnd málskostnaðarreikningur ásamt vinnuskýrslu og upplýsingum um tímagjald, sem nefndinni ber að leggja til grundvallar við ákvörðun lögmannsþóknunar samkvæmt 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 sbr. 31. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning síðar.

Lagarök.

Landamerkjalög nr. 5/1882 og lög nr. 41/1919, um landamerki ofl. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, t.d. 5., 7., 10. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Lög nr. 62/1994, um Mannréttindasáttmála Evrópu, 1. gr. 1. samningsviðauka. Lög nr. 46/1905 um hefð. Aðrar meginreglur eignarréttar og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Skrá um fylgiskjöl og heimildir:

1. Loftmynd með innfærslu á almenningi Ögurhrepps með Hestfjarðarkoti og þinglýstum landamerkjum milli almenninga Súðarvíkurhrepps og Kleifa í Súðarvíkurhreppi 08.10.2009.
2. Umboð dags. 5 janúar 2021.
3. Samantekt úr fundagerðarbók Ögurhrepps.

Vera kann að þörf sé á frekari framlagningu gagna til stuðnings sjónarmiðum og kröfum umbjóðenda minna. Allur réttur er því áskilinn til að koma að nýjum gögnum, ef um ræðir og tilefni gefst til á síðari stigum.

Að öðru leyti verður kröfugerð reifuð nánar í greinargerð og við munnlegan flutning málsins.

Reykjavík, 19. mars 2021
Virðingarfyllst,



Sigurður Sigurjónsson hrl.



LÖGMANNSSTOFA

Óbyggðanefnd,
Skuggasundi 3,
101 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 1. mars 2021.

K R Ö F U L Ý S I N G
F Y R I R Ó B Y G G Ð A N E F N D

SVÆÐI 10 B

Með vísan til tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu nr. 58, 1998, er hér með lýst neðangreindri kröfum.

Kröfuna gerir: Helgi Bjarnason, kt. 030557-6039, Hlíðargötu 5, Súðavík.

Vegna: Jarðarinna Kleifa, í Skötufirði, landnúmer 141546.

Fyrirsvar: Arnar Þór Stefánsson hrl. Borgartúni 26, Reykjavík, fer með hagsmunagæslu fyrir hönd jarðeiganda, sbr. hjálagt umboð, dags. 5. febrúar 2021.

I. Kröfugerð:

Jarðeigandi telur til beins eignarréttar yfir öllu landi innan landamerka jarðarinna svo sem þau eru mörkuð í hjálögðum þinglýstum yfirlýsingum um landamerki frá 2009 og 2010. Er hluti merkjanna reistur á dómi Hæstaréttar í máli nr. 487/2007 en að öðru leyti á áritun eigenda aðliggjandi jarða og landa. Kröfum ríkisins um þjóðlendur innan téðra merkja er mótmælt.

Samkvæmt uppdrætti:

Vísað er til hjálagðs uppdráttar sem sem unninn var samhliða kröfulýsingu þessari en merki jarðar umþj. míns hafa verið færð þar inn og þau lituð með appelsínugulum lit til auðkenningar. Þá er um hnit einstakra merkjapunkta vísað til þinglýstra yfirlýsinga um landamerki sem fylgja kröfulýsingu þessari.

Verði til talið að einhver hluti ofangreinds landsvæðis sé þjóðlenda er þess til vara krafist að Helgi Bjarnason teljist eigandi mannvirkja og framkvæmda innan þess svæðis, sem og óbeinna eignaréttinda í formi vatnsréttinda, vatnsorkuréttinda, virkjunarréttinda og tengdra réttinda.

II. Málavextir:

Með bréfi óbyggðanefndar, dagsettu 27. nóvember 2019, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10B til meðferðar, Ísafjarðarsýslur, og var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 2. mars 2020. Var fresturinn framlengdur nokkrum sinnum og síðast til 15. september 2020.

Svæðið afmarkast með eftifarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar 27. nóvember 2019:

Sýslumörkum Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu er fylgt frá hafi við Geirólfssnúp milli Skjaldbjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er

að norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er mörkum milli NorðurÍsafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandasýslu fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandasýslu. Þaðan er síðast nefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Þann 16. september 2020 lýsti íslenska ríkið kröfum sínum um þjóðlendur á ofangreindu svæði. Með tilkynningu sem birt var í Lögbirtingarblaði 9. október 2020 skoraði óbyggðanefnd á þá er teldu til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58, 1998, á því landsvæði sem félli innan þjóðlendumkröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd, í síðasta lagi 1. febrúar 2021. Sá frestur var síðar framlengdur til 15. mars 2021.

Umbj. minn telur til eignarréttinda á því landsvæði sem féll innan þjóðlendumkröfu ríkisins, enda gerir íslenska ríkið kröfu um að hluti jarðarinnar teljist þjóðlenda í skilningi laga nr. 58/1998. Er umbj. mínum því nauðsynlegt að lýsa kröfu þessari fyrir óbyggðanefnd.

III. Málsástæður, heimildir og gögn:

Kröfu sína byggir umbj. minn m.a. á dómi Hæstaréttar og þinglýstum yfirlýsingum um landamerki. Ranglega segi í kröfulýsingu ríkisins að ekkert landamerkjabréf liggi fyrir um jörðina. Umbj. minn mun gera nánari grein fyrir þeim heimildum og gögnum sem hann byggir kröfur sínar á í greinargerð til óbyggðanefndar.

IV. Lagarök:

Til stuðnings kröfum sínum vísar umbj. minn til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 1944, einkum 72. gr. og til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62, 1994. Þá vísar hann til almennra meginreglna íslensks eignaréttar. Enn fremur er vísað til ákvæða laga um hefð nr. 46, 1905 og til vatnalaga nr. 15, 1923, laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttar nr. 58, 1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57, 1998. Loks vísar umbj. minn til landamerkjalaga nr. 41, 1919 og eldri laga um sama efni nr. 5, 1882, sem og til girðingarlaga nr. 135, 2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10, 1965.

V. Áskilnaður:

Umbj. minn áskilur sér allan rétt til þess að rökstyðja kröfu þessa frekar og styðja hana frekari gögnum, heimildum, málsástæðum og lagarökum, bæði á síðari stigum sem og í greinargerð hans til óbyggðanefndar. Þá áskilur hann sér allan rétt til þess að auka við kröfur sínar, breyta þeim og lagfæra, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til. Loks áskilur hann sér allan rétt til þess að gera kröfu um allan þann kostnað sem hann hefur og kann að verða fyrir, við að gæta réttar síns gagnvart kröfum íslenska ríkisins.

Virðingarfyllst
Arnar Þór Stefánsson hn

Hjálagt:

1. Umboð, dags. 5. febrúar 2021.
2. Kröfukort.
3. Þinglýstar yfirlýsingar um landamerki jarðarinnar Kleifa, dags. 21. janúar 2009; 8. október 2009; 27. nóvember 2009; 7. maí 2010 og 19. október 2010.
4. Dómur Hæstaréttar Íslands 18. september 2008 í máli nr. 487/2007 ásamt dómi Héraðsdóms Vestfjarða 29. júní 2007.

Lögfræðibjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. kt. 570800-2560
Sigtúni 42. BBox 8552 128 Reykjavík – Ísland
Sími 5787805 – 8921303 – Netfang: sigurdursig@gmail.com
Sigurður Sigurjónsson hrl.

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Kröfulýsing á svæði 10.B. Ísafjarðarsýslur. Almenningur í Skötufirði/ Stóri Kambur.

Fyrirsvarsmaður málsaðila.

Undirritaður Sigurður Sigurjónsson hrl., kt. 240346-2579, Sigtúni 42, Reykjavík fer með mál þetta samkvæmt umboði frá Súðavíkurhreppi, kt. 630269-4589.

Málsaðilar.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík kemur fram í málí þessu f.h. íslenska ríkisins sbr. 2. og 11. gr. l. nr. 58/1998.

Súðavíkurhreppur, kt. 630269-4589 er eigandi að Almenningi í Skötufirði, sem liggar um Stóra Kamb og er aðili að málí þessu.

Kröfur.

1. Að úrskurðað verði að eignarland Súðavíkurhrepps, sem er Almenningur í Skötufirði sé fullkomið eignarland og falli utan marka þjóðlendna.
2. Að umbj.m. verði úrskurðaður allur málskostnaður.

Landamerki og rökstuðningur krafna.

Með bréfi Óbyggðanefndar var umbj.m. gefinn kostur á að svara kröfum ríkisins vegna eignarlanda sinna. Meðal þeirra er Almenningur í Skötufirði, sem er auðkennt að hluta sem Stóri Kambur. Stóri Kambur er í reynd örnefni yfir klettagarð, sem er kennileiti í landamerkjabréfum. Ekki liggur fyrir sérstök afmörkun fyrir Stóra Kamb í kröfulýsingu ísl. ríkisins en um Stóra Kamb er fjallað í kafla 4.3.4. á bls. 142 í kröfulýsingu ísl. ríkisins. Í landamerkjabréfi Borgar í Skötufirði frá 1883 er lýst mörkum jarðarinnar Borgar og Almennings Súðavíkurhrepps í Skötufirði en mörkin liggja um Stóra Kamb. Eru þar mörk Almenningsins að austan. Í dómsmáli HR 487/2007 milli eiganda Kleifa og Borgar í Skötufirði var tekist á um eignarhald á lendum við ósa Skötufjarðar. Þar má sjá kort af norðurenda Almenninga Súðavíkurhrepps, sem teygir sig niður á milli Ögur-búðadalsár og Hundsár/Rjúkanda sjá fylgiskjal nr.2. Að sunnan eru mörkin, þar sem markalínur milli Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar eru. Verkís hefur gert kort af öllu svæðinu, sem er fylgiskjal nr. 1. Enda þótt það sé ekki nákvæmt gefur það góða mynd af skiptingu svæðisins. Jörðin Kleifar liggur á milli Almennings Ögurhrepps og Almennings Súðavíkurhrepps (Stóra Kambs). Alla tíð hafa eigendur Kleifa sótt að hreppnum og reynt að taka undir sig Almenninga hreppsins. Sátt var gerð á sinni tíð um merki Almennings

Ögurhrepps og Kleifa og henni þinglýst. Núverandi eigandi Kleifa hefur ranglega haft uppi meinings um að jörðinni tilheyri stór hluti af landi Súðavíkurhrepps eins og sjá má af lýsingu fyrir Óbyggðanefnd. Eru þær meinings órokstuddar og alls ekki í samræmi við lýsingu landamerka. Má það þó einu skipta, þar sem kröfulýsendur eru einróma um að andmæla kröfum ísl. ríkisins.

Á bls. 180-181 í kröfulýsingu ísl. ríkisins gefur að líta undir kröfulið 5.4.4. kröfur íslenska ríkisins.

Á framlögðu korti íslenska ríkisins koma fram þjóðlendukröfulínur en gerð er krafa um að þjóðlenda nái yfir mestan hluta Almennings Súðavíkurhrepps að hæstu tindum, þar sem þeir ráða merkjum á milli Súðavíkurhrepps annars vegar og Ísafjarðarbæjar hins vegar. Er kröfum ísl. ríkisins mótmælt. Í héraðsbókum Ögurhrepps er að sjá, að hreppurinn, sem nú er sameinaður Súðavíkurreppi hafi leigt út beitarafnot og slægjur í Almenningi sínum í Skötufirði, eins og gögn allt frá 19. öld sína. Eignarhaldið hefur verið óumdeilt.

Áskilinn er réttur til að koma að gögnum til stuðnings kröfum og sjónarmiðum Súðavíkurhrepps síðar.

Lagður verður fyrir Óbyggðanefnd málkostnaðarrekningur ásamt vinnuskýrslu og upplýsingum um tímagjald, sem nefndinni ber að leggja til grundvallar við ákvörðun lögmannsþóknunar samkvæmt 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 sbr. 31. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Áskilinn er réttur til að leggja fram málkostnaðarrekning síðar.

Lagarök.

Landamerkjalög nr. 5/1882 og lög nr. 41/1919, um landamerki ofl. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, t.d. 5., 7., 10. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Lög nr. 62/1994, um Mannréttindasáttmála Evrópu, 1.gr. 1. samningsviðauka. Lög nr. 46/1905 um hefð. Aðrar meginreglur eignarréttar og eignarréttarákvæði stjórnarskráinnar.

Skrá um fylgiskjöl og heimildir:

1. Yfirlitskort Verkís
2. Loftmynd af Almenningi nyrst á mörkum Borgar og Kleifa.
3. Umboð dags. 05.01.2021.
4. Samantekt úr fundagerðabókum Ögurhrepps.

Vera má, að þörf sé á frekari framlagningu gagna til stuðnings sjónarmiðum og kröfum umbjóðenda minna. Allur réttur er því áskilinn til að koma að nýjum gögnum, ef um ræðir og tilefni gefst til á síðari stigum.

Að öðru leyti verður kröfugerð reifuð nánar í greinargerð og við munnlegan flutning málsins.

Reykjavík, 19. mars 2021
Virðingarfyllst,



Sigurður Sigurjónsson hrl.

Lögfræðibjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. kt. 570800-2560
Sigtúni 42. BBox 8552 128 Reykjavík – Ísland
Sími 5787805 – 8921303 – Netfang: sigurdursig@gmail.com
Sigurður Sigurjónsson hrl.

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Kröfulýsing á svæði 10.B. Ísafjarðarsýslur. Borg

Fyrirvar.

Undirritaður Sigurður Sigurjónsson hrl., kt. 240346-2579 Sigtúni 42, Reykjavík fer með mál þetta samkvæmt umboði frá Gunnari Erni Haukssyni, kt. 270766-4719, Matthildi Ástu Hauksdóttur, kt. 240365-5299 og Ægi Val Haukssyni, kt. 091275-3259.

Málsaðilar.

Fjármála-og efnahagsráðunetið, kt. 550169-2829, Arnarhváli, 150 Reykjavík kemur fram í máli þessu f.h. íslenska ríkisins sbr. 2. og 11. gr. l. nr. 58/1998.

Gunnar Örn Hauksson kt. 270766-4719 , Matthildur Ásta Hauksdóttur, kt. 240365-5299 og Ægir Valur Haukssonar kt. 091275-3259.

Umbj.m. eru aðilar að máli þessu en þau eru sameigendur að jörðinni Borg við Skötufjörð í Súðavíkurhreppi L 141534 og eiga saman 56,25% í jörðinni. Kröfum er lýst samkvæmt skriflegu umboði fyrir þeirra hönd. Aðrir sameigendur þeirra eru 12 talsins og hafa að sögn umbj.m. upplýst að samstaða sé með eigendum um kröfulýsingu þessa. Eigendur munu vera afkomendur Magnúsar Guðmundssonar 1869-1934 bóna á Kleifum og sonar hans Guðmundar Magnússonar 1897-1969 bóna á Borg.

Kröfur.

1. Að úrskurðað verði að eignarland kröfulýsenda, sem er jörðin Borg við Skötufjörð eins og því verður lýst hér á eftir, sé fullkomíð eignarland og falli utan marka þjóðlendna.
2. Að við úrlausn máls þessa um kröfulínu íslenska ríkisins verði **aðallega** lagt til grundvallar landamerkjrabréf jarðarinnar Borgar frá 6 nóvember 1883, sem er lýst svo: Á milli Borgar og Almenninga Súðavíkurhrepps eru merki Rjúkandi frá ármótum Rjúkanda og Ögurbúðadalsár að ármótum Rjúkanda og Hundsár. Þaðan ræður Stóri Kambur eins og vötnum hallar af honum til austurs og vesturs upp að vatnaskilum til suðurs.

Til vara er gerð sú krafa að við úrlausn máls þessa verði litið til landamerkjalýsingar frá árinu 1902 og er lýst svo: Á milli Borgar og Almenninga Súðavíkurhrepps ráði

Rjúkandi merkjum frá ármótum Rjúkanda og Ögurbúðadalsár upp í Rjúkandavatn og þaðan eins og vötnum hallar til suðurs.

3. Að umbj.m. verði úrskurðaður allur málskostnaður.

Landamerki og rökstuðningur krafna.

Með bréfi Óbyggðanefndar var umbj.m. gefinn kostur á að svara kröfum ríkisins vegna eignarlands síns. Þinglýst er eignarheimild umbj.m. að jörðinni Borg við Skötufjörð, Súðavíkurhreppi.

Fyrir liggar svolátandi landamerkjabréf útgefið 6. nóvember 1883 og er þinglýst 8.7.1884. “Jörðin Borg í Ögurhreppi, 7.9 hndr. að dýrleika, á land að austan og norðan í Hvalskurðará frá fjöru til fjalls. Að sunnan ráða merkjum: Fjarðará að neðan, en Stóri-Kambur að ofan og að vestan Fjarðará og austur í Borgará um miðjar Eyjar.

Borg, 6. nóvember 1883.

Eigendur: D. Eggertsson

Ari Rósinkarsson

Samþykkur(Fyrir Kleifar: P.Pálsson

(Fyrir Kálfavík: Margrét Sigurðardóttir

Magnús Bárðarson fyrir hönd meðerfingja minna.”.

Þá mun hafa verið gerð landamerkjaly sing fyrir jörðina Borg, sem mun hafa verið ódagsett. Skjalið mun hafa verið lagt inn til þinglýsingar 1/10 árið 1901 og þinglýst að Ögri 21.06.1902. Skjalið hljóðar svo: „Landamerkjaly sing jarðarinnar Borg í Skötulfirði í Ögurhreppi er sem hér segir: Að utanverðu milli Kálfavíkur og Borgar ræður Hvalskurðará merkjum frá fjöru til fjalls, að framanverður milli Borgar og Kleifa ræður Borgará merkjum að neðan og fram að Hringlind og sem hún víesar til vesturs yfir eyjar, sem kallaðar milli á Anna (Borgará og Kleifará) og svo ræður Kleifará merkjum fram að Rjúkandaá, en eftir það ræður Rjúkanda á merkjum til fjalls milli Borgar og almenninga. Stykkið það í eyjunum frá merkjalæknum Hringlind ofan að mjódd þeirri á eyjunum undan Sortaeyri Borgar megin og sjónhending þar sem mjóst er í Kleifará en sérstök eign Bjarna Sigurðssonar á Borg, en fylgir hvorugum jörðunum. Að þetta sé míin rétt eign, Bjarna Sigurðssonar, sýnir kaupbréf dags. á Borg 3.septber.1898 og afsalsbréf dags. 7/10 1898 undirskrifað af seljanda, Ásgerði Einarsdóttur, ásamt kaupanda Bjarna Sigurðssyni og tveimur vitundarvottum.

Eigendur að Borg

Bjarni Sigurðsson

Ari Rósinkarson
Hands.

Að þetta sé rétt landamerkjaly sing á jörðinni Borg vottum við, sem lönd eigum að áður greindum merkjum og skrifum því til staðfestu nöfn okkar hér undir.

Eigendi að Hálendu Kleifa

Páls Pálsson

Eigandi að Hálendum Kleifum

Ásgerður Einarsdóttir“

Eins og sjá má er skjal þetta fyrst og fremst sölugerningur um landspildu en vikið er að landamerkjum, sem eru breytt frá landamerkjabréfinu frá 1883. Að þessu skjali er vikið í HR nr. 487/2007 en í því máli deildu eigendur jarðanna Kleifa og Borgar um lendur svokallaðra Eyja en um þetta er fjallað í kröflýsingi Fjármála- og efnahagsráðherra á bls. 142-144. Varðar það ágreiningsefni þó ekki mál þetta, en kröfur eigenda jarðanna beggja fara saman um andstöðu gegn þjóðlendumkröfum íslenska ríkisins á svæðinu.

Samkvæmt landamerkjalýsingu jarðarinnar frá 1883 er vikið að því að landamerki jarðarinnar að ofan séu Stóri-Kambur og að vestan Fjarðará og austur í Borgará. Vísast í fskj.nr. 8, sem er loftmynd með innfærslu á Stóra-Kambi.

Frá Stóra-Kambi ganga landamerki í Rjúkanda. Samkvæmt landamerkjalýsingu jarðarinnar þinglýst 1902 er tekið fram, að Rjúkandaá til fjalls ráði merkjum milli Borgar og Almenninga. En í landamerkjalýsingu segir „svo ræður Kleifá merkjum fram að Rjúkanda en eftir það ræður Rjúkandi merkjum til fjalls milli Borgar og almenningar“. Á fylgiskjali nr. 8 eru innfærðir á loftmynd hnitasettir punktar merktir Rjúkandi 1 til Rjúkandi 7 og að Rjúkandavatni. Eru það landamerki samkvæmt þessu landamerkjabréfi. Á bls. 197-198 má sjá lýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins. Kröfulínunni er mótmælt bæði efnislega og lýsingu á landamerkjum Borgar og Kleifa.

Í kröfulínu merkt 7 er vísað til Þverár, en ókunnugt er hvar sú á er staðsett og örnefnið alls óþekkt.

Óhjákvæmilegt er að benda á, að kort íslenska ríkisins með kröfulínum eru bæði óglögg og ónákvæm. Verður illa séð, hvernig og hvar kröfulínan fer en lýsingar í texta fara ekki saman við tilvísun í örnefni og staðhætti. Ber þar allt að sama brunni, að í stað þess að notast við nýlegar útgáfur korta og loftmyndir eru gögnin hvorú tveggja eftir gömlum grunni, þar sem örnefni skortir og eru illgreinanleg. Af framlögðu korti má sjá að landamerki jarðarinnar skarast nokkuð við kröfulínu fjármálaráðherra merktri 5-7. Er kröfulínu þessari algjörlega mótmælt og engin rök, sem mælt geta með því að fallast á kröfuna. Vatnsréttindi hafa verið nýtt af eigendum Borgar bæði til veiða og virkjunar. Engin rök mæla með því að taka til greina kröfu íslenska ríkisins, sem tekur af jörðinni láglendi, veiði- og vatnsréttindi eins og felst í kröfunni.

Lagður verður fyrir Óbyggðaneftnd málkostnaðarreikningur ásamt vinnuskýrslu og upplýsingum um tímagjald, sem nefndinni ber að leggja til grundvallar við ákvörðun lögmannsþóknunar samkvæmt 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 sbr. 31. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Áskilinn er réttur til að leggja fram málkostnaðarreikning síðar.

Lagarök .

Landamerkjalög nr. 5/1882 og lög nr. 41/1919, um landamerki ofl. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, t.d. 5., 7., 10. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Lög nr. 62/1994, um Mannréttindasáttmála Evrópu, 1.gr. 1. samningsviðauka. Lög nr. 46/1905 um hefð. Aðrar meginreglur eignarréttar og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinna.

Skrá um fylgiskjöl og heimildir:

1. Landamerkjabréf frá 6.11. 1883 í ljósriti .
2. Kort vegna aðalkröfu skv. landamerkjabréfi 1883.
3. Landamerkjabréf þinglýst 21.06 1902.
4. Kort vegna varakröfu með landamerkjabréfi 1902.
5. Stofnskjal úr veðmálabók dags. 1.11.2006.
6. Land- og eigendaskráning Creditinfo.
7. Álagningaseðill fasteignagjalda 2021.
- 8-9. Umboð dags. mars 2021.

Í málinu hafa nú þegar verið lögð fram gögn og skjöl, sem varpa nokkru ljósi á eignarheimildir að fornu og nýju. Vera kann að þörf sé á frekari framlagningu gagna til stuðnings sjónarmiðum og kröfum umbjóðenda minna. Allur réttur er því áskilinn til að koma að nýjum gögnum, ef um ræðir og tilefni gefst til á síðari stigum.

Að öðru leyti verður kröfugerð reifuð nánar í greinargerð og við munnlegan flutning málsins.

Reykjavík, 19. mars 2021
Virðingarfyllst,



Sigurður Sigurjónsson hrl.



KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar vegna svæðis 10B í Ísafjarðarsýslu

frá eigendum jarðanna Galtarhryggs og Heydals í Mjóafirði sem eru:

Guðmundur Atli Pálason, kt. 170763-4759

Heydalur ehf., kt. 670600-2460

Stella Guðmundsdóttir, kt. 250441-4289

Pórveig Benediktsdóttir, kt. 280169-5369

(hér eftir sameiginlega nefndir „*landeigendur*“)

1. Lögmannsumboð:

Undirritaður, Árni Ármann Árnason hrl., með starfsstöð að Tjarnargötu 36, 101 Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd landeigenda.

2. Krafa landeigenda:

Aðalkrafa:

Landeigendur krefjast þess að kröfum íslenska ríkisins í máli þessu verði hafnað og að staðfest verði með úrskurði að beinn eignarréttur landeigenda að jörðunum Galtarhrygg og Heydal í Mjóafirði verði eins og honum er lýst í landamerkjabréfum jarðanna en þar er honum lýst á eftifarandi hátt:

Landamerkjabréf Galtarhryggs, dagsett 20. nóvember 1885:

„Að norðanverðu frá sjó Heydalsá fram að Þverá, hún upp á hæsta Botnsfjall og þá út hæsta fjallið, eins og vötnum hallar á báða vegin, að Raptalág, og hún til sjóar.“

Landamerkjabréf Heydals, dagsett 4. júní 1889:

„Milli Heydals og Eyrar skilur varða á miðri Heymýri; þaðan í vörðu á lægsta hjalla, svo í vörðu á fjallsbrú, þaðan til fjalls, svo fram fjall. Milli Heydals og Galtarhryggs skilur Heydalsá frá sjó og fram eptir í Þverá; þaðan eins og hún vísar til fjalls.“

Varakrafa:

Ef ekki verður fallist á aðalkröfu landeigenda að öllu leyti og hluti af því landi sem er innan landamerkjálýsinga jarðanna Heydals og Galtarhryggs í Mjóafirði verður talinn þjóðlenda, þá er krafist til vara að úrskurðað verði að landeigendur eigi á þeim hluta sem talinn verður þjóðlenda óbein eignarréttindi í formi afréttar sem innihaldi fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, og má í því sambandi meðal annars nefna öll vatns- og veiðiréttindi.

Krafa um málkostnað:

Að auki er þess krafist að málkostnaður greiðist úr ríkissjóði, samanber heimild í 17. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, samkvæmt málkostnaðarrekningum sem lagðir verða fram þegar eftir því verður leitað af hálfu óbyggðanefndar.

3. Málsatvik:

Vísað er til tilkynningar óbyggðanefndar, sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 9. október árið 2020, þar sem greint var frá kröfum fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði sem við málsmeðferð nefndarinnar hefur verið auðkennt sem svæði 10B, Ísafjarðarsýslur. Í tilkynningunni var, með vísan til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæði sem fellur innan þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi þann 1. febrúar 2021. Umræddur frestur var að lokum lengdur til 22. mars 2021.

Landeigendur að jörðunum Galtarhrygg og Heydal í Mjóafirði telja að þjóðlendukröfur íslenska ríkisins vegna landsvæðisins Stóra Kambs geti ekki staðist þar sem kröfulínur ríkisins fari inn fyrir landamerkjálínur Galtarhryggs og Heydals samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna, líkt og nánar verður rökstutt í kröfulýsingu þessari.

Eignarhaldi umræddra jarða, Galtarhryggs¹ og Heydals², er svo háttað að fyrrnefnda jörðin er í eigu þeirra Guðmundar Atla Pálmasonar, sem fer með 33,5% hlut, Stellu Guðmundsdóttur, með 33,0% hlut, og Þórveigar Benediktsdóttur, með 33,5% hlut, á meðan einkahlutafélagið Heydalur ehf. er skráður eigandi jarðarinnar Heydals. Það félag er í eigu Gísla Péturnar Pálmasonar, sem fer með 66,7% eignarhlut, og fyrrnefndrar Stellu, með 33,3% hlut, samkvæmt gildandi skráningu félagsins í hlutafélagaskrá.³

¹ Galtarhryggur hefur fastanúmerið F2127349.

² Heydalur hefur fastanúmerið F2127355.

³ Gísli Péturnar er jafnframt stjórnarformaður og prókúruhafi Heydals ehf.

Eignarhald landeigendanna má rekja til ársins 1997 þegar hjónin Pálmi Gíslason og Stella Guðmundsdóttir keyptu ásamt sonum sínum jörðina Galtarhrygg, einkum með það í huga að rækta þar upp skóg og ala upp fisk í á.⁴ Þremur árum síðar eignuðust þau nágrannajörðina, Heydal, en þar hefur fjölskyldan byggt á undanförnum árum upp fjölpætta ferðaþjónustu, svo sem gististað, veitingasal, tjaldsvæði, náttúrulaug og margvíslegt fleira því tengdu, eins og afþreyingu á borð við hestaferðir, göngutúra, veiði og kajakróður, auk þess sem á jörðinni er meðal annars stunduð skógrækt sem og ávaxta- og grænmetisræktun. Er nú svo komið að þrátt fyrir að teljast úr alfaraleið er Heydalur orðinn vinsæll áfangastaður á meðal ferðamanna, hvort sem er innlendra sem erlendra, allt árið um kring.

Heydalur, sem hefur hin síðari ár verið skipt á milli jarðanna Galtarhryggs og Heydals, er um sex kílómetra langur dalur sem gengur til suðvesturs inn af Mjóafirði í Súðavíkurhreppi. Dalsins er getið í Sturlungu en kemur fyrst fram í fornbréfum árið 1458, eftir því sem best er vitað.⁵ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1710 sagði svo um Heydal:

Skógur til raftviðar bjarglegur, eyðist mjög, en til kolagjörðar og eldiviðar nægur, og brúkar ábúanda til búnaðsyna. Torfrista og stunga lök. Silungsveiði í Heydalsá hefur gangvæn verið, enn nú mjög lítil í markt ár. Grastekja í betra lagi sem að ýmsir brúka úr nálægum sveitum í óþakklæti og leyfisleysi. Berjalestur er nægur fyrir heimili. Túninu grand til stórskaða og eyðileggígar Heydalsgil með grjóts og sands áburði, og er fyrir því að fornu mikill partur túnsins eyðilagður, en nú spillist það sem eftir er sands áburði. [...] Tóftarústir eru einar fyrir innan Heydalsgil, sem ekkert víst nafn hafa, enn munnmæli segja að Heydals bær hafi að fornu staðið og hafi þaðan fyrir Heydalsgilságangi fluttur verið á þær fornu tóftarústir, sem áður umgetur að bærinn í Heydal hafi áður staðið áður enn hann var fluttur. Petta pláts er nú alt eyðilagt og í skriðu í tóftarústir og má því ekki aftur byggja.⁶

Af framangreindu er ljóst að búsetusaga í dalnum er löng og var dalurinn þéttbyggður forðum.⁷

Þess skal getið að ekkert er vikið að Galtarhrygg í kröfulýsingu ríkisins, dagsettri 15. september 2020, en þar er hins vegar vísað, í fáum orðum þó, í áðurnefnt landamerkjabréf Heydals.

⁴ Í áfsalinu vegna Galtarhryggs, dagsettu 9. maí árið 1997, var sérstaklega tekið fram að landamerki jarðarinnar væru ágreiningslaus og næðu „frá Raftalág utarlega á Botnshlíð að ósum Heydalsár og síðan með ánni inn dalinn að Þverá innarlega í Heydal. Vatnaskil ráða á fjallgarði milli Galtarhryggs og Botns. Galtarhryggur á Heydalsá og ósa hennar að hálfu á móti Heydal að Þverá og hluta af Djúpavatni sem Þverá fellur úr.“ Í yngri afsöлum frá árinu 2011 er sömu landamerkjalyssingu að finna.

⁵ Fornleifakönnun vegna framkvæmda í Heydal í Mjóafirði, bls. 6. Náttúrustofa Vestfjarða, september 2010.

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, bls. 209-210.

⁷ Fornleifakönnun vegna framkvæmda í Heydal í Mjóafirði, bls. 6-7. Náttúrustofa Vestfjarða, september 2010.

4. Málsástæður landeigenda og lagarök:

Landeigendur styðja kröfur sínar við þinglýst afsöl, landamerkjabréf og fleiri atriði sem gerð verður grein fyrir í þessum kafla kröfulýsingarinnar.

a) Þinglýst afsöl:

Landeigendur Galtarhryggs og Heydals byggja eignarrétt sinn á þinglýstum afsöllum og veðbókayfirlitum sem fylgja með kröfulýsingu þessari.

b) Landamerkjabréf:

Af hálfu landeigenda er byggt á þeirri meginreglu eignaréttar að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland.

Landamerkjabréf jarðanna Galtarhryggs og Heydals voru útbúin í framhaldi af gildistöku laga nr. 5/1882 sem kváðu á um skyldu eigenda og umráðamanna jarða til þess að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna sem bornar skyldu undir eigendur aðliggjandi jarða til undirskriftar. Svo skyldi þinglýsa lýsingunum á næsta manntalsþingi og færa þær í landamerkjabók sýslumanns.

Í landamerkjabréfi Galtarhryggs, dagsettu 20. nóvember 1885 og þinglýstu á manntalsþingi að Reykjarfirði 8. júní 1886, er merkjum lýst svo:

„Að norðanverðu frá sjó Heydalsá fram að Þverá, hún upp á hæsta Botnsfjall og þá út hæsta fjallið, eins og vötnum hallar á báða vegin, að Raptalág, og hún til sjóar.“

Landamerkjalýsingin er undirrituð af Sæmundi Gíslasyni sem eiganda og ábúanda jarðarinnar, Guðmundi Bjarnasyni og Níels Jónssyni, eigendum Botnsjarðarinnar, og Runólfí Jónssyni, eiganda og ábúanda í Heydal. Er áritun þeirra þriggja síðastnefndu til þess fallin að auka sönnunargildi landamerkjabréfs Galtarhryggs.

Þess má geta að umræddur Sæmundur skrifaði jafnframt undir landamerkjalýsingu Heydals og Botns.

Landamerkjum er lýst með eftifarandi hætti í landamerkjabréfi Heydals, dagsettu 4. júní 1889 og þinglýstu að Reykjarfirði þann 5. júní sama ár:

„Milli Heydals og Eyrar skilur varða á miðri Heymýri; þaðan í vörðu á lægsta hjalla, svo í vörðu á fjallsbrún, þaðan til fjalls, svo fram fjall. Milli Heydals og Galtarhryggs skilur Heydalsá frá sjó og fram eptir í Þverá; þaðan eins og hún visar til fjalls.“

Undir landamerkjalýsinguna rituðu þeir Jón Einarsson, Runólfur Jónsson og Guðmundur Bárðarson sem eigendur Heydals. Einnig er lýsingin árituð af Sæmundi Gíslasyni sem eiganda Galtarhryggs, eins og áður sagði, sem og af Stephan Stephensen, presti í Vatnsfirði.

Landeigendur byggja á landamerkjalýsingum sem koma fram í fyrnefndum landamerkjabréfum Galtarhryggs og Heydals en landamörkin voru gerð í samvinnu við landeigendur þess tíma og voru lýsingar þeirra samþykktar af hálfu eigenda samliggjandi jarða.

Því til viðbótar skýtur það styrkari stoðum undir sönnunargildi landamerkjabréfa jarðanna beggja að enginn teljandi ágreiningur hefur, eftir því sem best er vitað, ríkt um landamerki jarðanna.

c) Landamerkjabréf aðliggjandi jarða:

Að mati landeigenda er landamerkjalýsing Botnsjarðarinnar, eins og hún birtist í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 20. nóvember 1885, til þess fallin að styrkja landamerkjabréf Galtarhryggs en í lýsingunni er norðurmörkum Botns lýst „að norðanverðu frá sjó Raptalág og frá henni sem vötnum hallar á báða veginn fram eftir Botnsfjalli“. Á þessari leið liggur Galtarhryggur þannig að Botni alla leið að hreppamörkum Reykjafjarðarhrepps og Ögurhrepps hinna fornu. Landamerkjalýsing Botns kemur því heim og saman við áðurnefnda lýsingu á suðurmörkum Galtarhryggs.

d) Nýting jarðanna:

Eigendur jarðanna Galtarhryggs og Heydals hafa í gegnum tíðina nýtt jarðirnar að fullu innan landamerka þeirra. Þannig hafa þeir til að mynda nýtt vatnsréttindi þeirra, jarðhita, veiðiréttindi, eldivið, beit og grös, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þá benda eldri heimildir til þess að jarðirnar hafi forðum verið þéttbyggðar, eins og stuttlega var vikið að í þriðja kafla kröfulýsingar þessarar, en þær heimildir gefa eindregið til kynna að eigendur jarðanna hafi um langt skeið nytjað landið bæði á láglendi og upp til fjalla.

Landeigendur telja enn fremur ástæðu til þess að benda á að svo virðist sem í kröfulýsingu íslenska ríkisins sé miðað við að Ausuvatn, sem er á mörkum Galtarhryggs og Heydals, sé innan kröfusvæðis ríkisins. Hins vegar liggur fyrir að landeigendur hafa um margra ára skeið sleppt seiðum í vatnið og selt þar veiðileyfi án þess að við það hafi verið gerðar athugasemdir af hálfu ríkisins.

Samkvæmt ofangreindu byggja landeigendur á því að hagnýting og ráðstöfun þeirra og forvera þeirra á jörðunum sé til marks um að þar sé enga þjóðlendu að finna. Þá sé umrædd

nýting, hvað sem líður uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðunum, með þeim hætti að hún fullnægi skilyrðum eignarhefðar samkvæmt 1. mgr. 2. gr., samanber 1. mgr. 6. gr., laga nr. 46/1905 um hefð.

e) Athugasemdir við kröfulýsingu ríkisins:

Af hálfu landeigenda er byggt á því að kröfur ríkisins vegna landsvæðisins Stóra Kambs fái ekki staðist þar sem kröfulínur ríkisins fari inn fyrir áðurlýstar landamerkjálínur Galtarhryggs og Heydals.

Þannig skera að mati landeigenda línur frá annars vegar punkti 6 til punkts 7 í kröfulýsingu ríkisins og hins vegar frá punkti 7 til punkts 1 hluta af landi landeigenda og bitnar niðurskurðinn bæði á Galtarhryggsjörðinni og Heydalsjörðinni.

Í fyrrgreindri kröfulýsingu ríkisins er punktur 7 staðsettur við Ausuvatn í Reykjafjarðarhreppi forna, nánar tiltekið á mörkum Galtarhryggs og Heydals. Landeigendur telja að punkturinn sé bersýnilega rangt staðsettur og eigi þess í stað að vera á gömlu hreppamörkum Reykjafjarðarhrepps og Ögurhrepps hinna fornu, þ.e. á mörkum Heydals og Borgar í Skötufirði. Þannig ætti línan frá punkti 7 í punkt 1 í kröfulýsingu ríkisins með réttu að leggja á mörkum Reykjafjarðarhrepps hins forna og fylgja þeim mörkum að punkti 1.

Umrædd staðsetning á punkti 7 í kröfulýsingu ríkisins gerir það í reynd að verkum að ríkið sneiðir af landi landeigenda fyrrneftnt Ausuvatn auk landsvæðins sem er á milli vatnsins og gömlu hreppamarkanna, án þess að fyrir niðurskurðinum séu færðar nokkrar röksemadir.

5. Áskilnaður og fyrirvari:

Landeigendur áskilja sér rétt til þess að leggja við meðferð málsins fram kröfulínukort sem sýnir með skýrum hætti afmörkun Galtarhryggs og Heydals miðað við landamerkjabréf jarðanna.

Þá er áskilinn réttur af hálfu landeigenda til þess að koma að frekari sjónarmiðum og röksemendum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, svo og til þess að gera breytingar á kröfulínum á einstökum svæðum. Auk þess er áskilinn réttur til þess að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni kann að gefast til, svo og til þess að leiða fram vitni við aðalmeðferð.

Reykjavík, 23. mars 2021

fyrir hönd landeigenda

Árni Á. Árnason
Árni Árman Árnason hrl.

Fylgiskjöl:

1. Lögmannsumboð.
2. Landamerkjabréf fyrir Galtarhrygg ásamt uppskrift úr landamerkjabók.
3. Landamerkjabréf fyrir Heydal ásamt uppskrift úr landamerkjabók.
4. Kaupsamningur og afsal vegna Galtarhryggs, dags. 9. maí 1997.
5. Afsal vegna Heydals, dags. 19. september 2003.
6. Afsöl vegna Galtarhryggs, dags. 31. desember 2009.
7. Fasteignamatsvottorð fyrir Galtarhrygg.
8. Fasteignamatsvottorð fyrir Heydal.
9. Gildandi skráning Heydals ehf. í hlutafélagaskrá.
10. Útdráttur úr fornleifakönnun Náttúrustofu Vestfjarða frá september 2010.
11. Umfjöllun á vef Bændablaðsins, www.bbl.is/frettir/bjartsyn-a-ferdamennskuna-i-sumar-og-gott-haust/, frá 10. júlí 2020.



KRÖFULÝSING

til óbyggðanefndar vegna svæðis 10B í Ísafjarðarsýslu

frá öllum eigendum jarðanna Botns og Kleifarkots í Mjóafirði sem eru:

Arndís Fannberg, kt. 221063-3099
Gísli Fannberg, kt. 080754-4699
Gunnhildur Fannberg, kt. 220748-2009
Jóhann Fannberg, kt. 280952-4199
Jón Á. Fannberg, kt. 161049-4099
Kjartan Fannberg, kt. 161170-4619
Ólafur Fannberg, kt. 131055-5019
Rannveig Fannberg, kt. 070460-5809
Þuríður Rúrí Fannberg, kt. 200251-2379

(hér eftir sameiginlega nefndir „*landeigendur*“)

1. Lögmannsumboð:

Undirritaður, Árni Ármann Árnason, hrl., fer með mál þetta f.h. landeigenda.

2. Krafa landeigenda:

Aðalkrafa:

Landeigendur krefjast þess að kröfum íslenska ríkisins í máli þessu verði hafnað og að staðfest verði með úrskurði beinn eignarréttur landeigenda (eignarland) að jörðunum Botni og Kleifarkoti í Mjóafirði verði eins og honum er lýst skv. landamerkjabréfum jarðanna en þar er honum lýst á eftirfarandi hátt:

Landamerkjabréf Botns er dagsett 20. nóvember 1885, þar sem merkjum er lýst:

„Að norðanverðu frá sjó Raptalág og frá henni sem vötnum hallar á báða vedi fram eptir Botnsfjalli upp í Glámujökul, svo fyrir öll daladrög suður fyrir Bessadal, þaðan fyrir sunnan Bessadal, sem vötnum hallar á báða vedi eptir fjallinu úteptir að Hvannagljúfragili og eptir því í Bessadalsá og hún til sjávar.“

Landamerkjabréf Kleifarkots er dagsett 8. júní 1886 þar sem merkjum er lýst:

„Frá sjó að austanverðu fjarðarins er Skeiðá uppi Skeiðárvatn, úr Skeiðárvatni og uppi hæstu Alptaborgir, þaðan fram fjall, eins og vötnum hallar á báða vedi að Hvannagljúfragili, það ofaní Bessadalsá og hún til sjávar.“

Varakrafa:

Ef ekki verður fallist á kröfur landcignda að öllu leyti og hluti af því landi sem er innan landamerkjalyssinga jarðanna Botns og Kleifarkots í Mjóafirði, verður talin þjóðlenda, er þess krafist að úrskurðað verði að landeigendur eigi á þeim hluta, sem talin verður þjóðlenda, óbein eignarréttindi í formi afréttar sem innihaldi fullkominn afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju og má m.a. nefna öll vatnsréttindi í þessu sambandi.

— — —

Að auki er þess krafist að málkostnaður greiðist úr ríkissjóði, sbr. heimild í 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, en lögmaður landeigenda mun leggja fram tímaskráningu og málkostnaðarrekning þegar eftir því verður leitað af hálfu óbyggðanefndar.

3. Málsatvik:

Landeigendur eru sameigendur að jörðunum Botni og Kleifarkoti í Mjóafirði og teljast jarðirnar til Súðavíkurhrepps. Suðurmörk Botnsjarðarinnar liggja að kröfusvæði 10C sem óbyggðanefnd hefur áður fjallað um í umfjöllun sinni um það svæði. Í þeirri umfjöllun var að finna talsverða umfjöllun um Botn og vísast því hér einnig til þeirrar umfjöllunar.

Í kröfulýsingunni sbr. lið 2 hér að framan var mörkum jarðanna lýst í sitthvoru lagi út frá landamerkjum jarðanna. Séu lýsingarnar teknaðar saman sem ein sameiginleg jörð undir nafni Botns og lýsingin færð á nútímmamál má orða það þannig að mörkin séu við Raftalág frá sjó að vatnaskilum og þaðan sem vötnum hallar á báða vegu fram eftir Botnsfjalli upp í Glámujökul, svo fyrir öll daladrög suður fyrir Bessadal, þaðan fyrir sunnan Bessadal, sem vötnum hallar á báða vegu eftir fjallinu út eftir að Hvannagljúfragili, þaðan út fjall eins og vötnum hallar á báða vegu upp í hæstu Álfaborgir, og þaðan að Skeiðárvatni og til sjávar eftir Skeiðá.

Dalir jarðanna eru Húsadalur¹, Bessadalur², Saurdalur (gengur fram af Fremri Bessadal), Þverdalur (Gengur í suður þvert á Fremri Bessadal. Þverdal er stundum skipt í Hærrí og Lægri Þverdal³, Rjúpnadalur⁴ og Hrútadalur (ganga vestur úr Þverdal).

Innan jarðanna eru m.a. Þverá, Bessadalsá og Húsadalsá. Síðastnefnda áin á upptök sín í Mýfluguvatni.

Eignarhald landeigenda má rekja til Jóns J. Fannberg⁵ afna og langafa núverandi landeigenda. Jón J. Fannberg var borinn og barnfæddur Mjófirðingur en hann fæddist árið 1893 í Botni og var sonur Jóns Guðmundssonar sem var sonur Guðmundar Bjarnasonar sem áritaði landamerkjabréfið fyrir Botn árið 1885. Á æviskeiði sínu nýtti Jón jörðina alla innan landamerkja hennar. Hann virkjaði Húsadalsá og byggði Sængurfossvirkjun⁶ á sinn kostnað og

¹ Húsadal er oft skipt í (Heimri) Húsadal og Fremri Húsadal.

² Bessadal er oft skipt í (Heimri) Bessadal og Fremri Bessadal.

³ Sjá Örnefnaskrá Jóhanns Hjaltasonar, eftir frásögn Guðmundar Guðmundssonar sonar Guðmundar Bjarnasonar sem undirritaði landamerkjabréfið Botns.

⁴ Einnig kallaður Rjúpuðalur.

⁵ Jón Fannberg hétt upphaflega Jón Jónsson en tók síðar upp nafnið Jón J. Fannberg.

⁶ Virkjunin er kennd við einn af fossum árinna, Sængurfoss.

sá hreppnum fyrir raforku endurgjaldslaust af sínum mikla rausnarskap. Virkjunin var gangsett árið 1976.

Einkasonur Jóns J. Fannberg og eiginkonu hans Guðbjargar Á. Fannberg var Árni J. Fannberg. Eftir lát Jóns J. Fannberg þann 7. maí 1988 var gerður erfðaskiptasamningur þann 6. nóvember 1990 þar sem fram kom að eftir einkaskipti væri Árni J. Fannberg orðinn einkaeigandi jarðarinnar Botns og Kleifarkots í Reykjafjarðarhreppi. Framangreindum erfðaskiptasamningi var þinglýst og skv. honum var gengið út frá því að Botn og Kleifarkot væru ein jörð undir nafninu Botn.⁷

Þar sem báðar jarðirnar eru í eigu sömu einstaklinga og hafa verið samsþyrtar alllengi miðast umfjöllunin í kröfulýsingu þessari í mörgum tilvikum við það að um sé að ræða eina jörð og verður ekki alltaf greint á milli. Tekið skal fram að báðar jarðirnar og öll mannvirki á þeim eru á sama fastanúmeri sem er F 2127325.

Í Botni og Kleifarkoti er húsakostur mjög mikill og góður og þar standa tvö íbúðarhús og fjölmörg hús önnur sem sinnt hafa m.a. fjárbúskap og ýmsum þörfum jarðanna.

4. Málsástæður landeigenda og lagarök:

Landeigendur styðja kröfur sínar við þinglýst afsöl, landamerkjabréf og fleiri atriði sem gerð verður grein fyrir í þessum kafla kröfulýsingarinnar:

- a) Þinglýst afsöl:

Landeigendur Botnsjarðarinnar, með Kleifarkotsjörðinni innifaldri, byggja eignarrétt sinn á þinglýstum afsöldum og skráningum í veðmálabækur.

- b) Landamerkjabréf:

Landeigendur byggja á þeirri meginreglu eignarréttar að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Þannig byggja landeigendur á nákvæmri afmörkun í landamerkjabréfum en þar er m.a. vísað til vatnaskila.

Landamerkjabréf jarðanna Botns og Kleifarkots voru útbúin í framhaldi af gildistöku laga nr. 5/1882 þar sem kveðið var á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna sem bornar skyldu undir eigendur aðliggjandi jarða til undirskriftar, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1882. Fram kom í lögunum að lýsingunum skyldi þinglýsa á næsta manntalsþingi og færa í landamerkjabók sýslumanns.

Landamerkjabréf Botns er dags. 20. nóvember 1885, þar sem merkjum er lýst:

„Að norðanverðu frá sjó Raptalág og frá henni sem vötnum hallar á báða vegi fram eptir Botnsfjalli upp í Glámujökul, svo fyrir öll daladrög suður fyrir Bessadal, þaðan

⁷ Framangreindur skilningur er staðfestur í tölvupósti, dags. 12. feb. 2021, frá Sýslumannri á Vestfjörðum. Þessi sami skilningur kemur einnig fram í veðmálabókum frá sama embætti en á síðu Kleifarkots hefur verið skrifð að Kleifarkot sé hluti af Botni skv. skjali 886/1990 og þar komi fram að um eina jörð sé að ræða.

fyrir sunnan Bessadal, sem vötnum hallar á báða vegi eptir fjallinu úteptir að Hvannagljúfragili og eptir því í Bessadalsá og hún til sjávar.“

Í uppskrift úr landamerkjabókinni kemur fram að landamerkjalýsingin sé árituð af eigendum Botns þeim Guðmundi Bjarnasyni og Níelsi Jónssyni sem og Þórði Bjarnasyni sem var meðeigandi Kleifarkots. Sæmundur Gíslason sem var eigandi Galtarhryggs skrifaði einnig undir landamerkjalýsinguna. Það að landamerkjabréfið sé áritað með samþykki aðliggjandi jarða er til þess fallið að auka sönnunargildi þess. Engu máli skiptir þó landamerkjabréfið sé ósamþykkt að hálendinu varðandi landsvæði sem í kröfulýsingu er kallað: „*Kleifarkot og almenningar í Ísafirði*“ þar sem engum var til að dreifa sem hefði getað, sem handhafi beins eignarréttar, gert samninga um mörk þess lands.⁸

Landamerkjalýsingunni var þinglýst á manntalsþingi að Reykjavík fyrir 8. júní 1886.

Landamerkjabréf Kleifarkots er dagsett 8. júní 1886 þar sem merkjum er lýst:

„Frá sjó að austanverðu fjarðarins er Skeiðá uppi Skeiðárvatn, úr Skeiðárvatni og uppi hæstu Alptaborgir, þaðan fram fjall, eins og vötnum hallar á báða vegi að Hvannagljúfragili, það ofaní Bessadalsá og hún til sjávar.“

Landamerkjalýsingin er undirrituð af Þórði G. Bjarnasyni sem eiganda hálfrendunnar⁹ og ábúanda. Undir lýsinguna ritar einnig Evlalía Bjarnadóttir, eigandi hálfrendunnar. Guðmundur Bjarnason, eigandi að Botni skrifar líka undir landamerkjalýsinguna. Þess má geta að Þórður og Guðmundur undirrita einnig landamerkjalýsingu Hörgshlíðar, sem á land að Kleifarkoti.¹⁰

Landamerkjalýsingunni var þinglýst á manntalsþingi að Reykjavík fyrir 8. júní 1886.¹¹

Landeigendur byggja á því að orðalagið „*eins og vötnum hallar á báða vegi ...*“ eigi við „vatnaskil“ enda séu næg fordæmi fyrir því. Eins telja landeigendur að ljóst sé þegar merkin eru rakin frá Raftalág og henni fylgt til vatnaskila á Botnsfjalli og áfram upp í Glámujökul þýði framhaldið: „*svo fyrir öll daladrög suður fyrir Bessadal, þaðan fyrir sunnan Bessadal, sem vötnum hallar á báða vegi, eptir fjallinu úteptir að Hvannagljúfragili*“, að vatnaskilunum sé fylgt áfram umhverfis alla dali og daladrög út að Hvannagljúfragili.

Landeigendur telja að engin ástæða sé til að ætla að víkja eigi frá vatnaskilum á leiðinni þótt orðalagið sé annað, enda sé hefð fyrir því á þessum slóðum að landamörk fylgi vatnaskilum á fjöllum. Lýsingin býður ekki upp á aðrar leiðir en vatnaskilin. Ef höfundar lýsingarinnar, sem er í öllum öðrum þáttum skýr og greinargóð, hefðu haft annað í huga, þá hefðu þeir nefnt

⁸ Samanber og fordæmi Hæstaréttar í málí nr. 48/2004.

⁹ Hálfenda hefur ekki fyrirsvar nema til helminga á við lögþýlisjarðir.

¹⁰ Landamerkjalýsingu Kleifarkots og Hörgshlíðar var síðan þinglýst sama dag.

¹¹ Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín fyrir Vatnsfjarðarsveit frá 1710 kemur eftirfarandi fram í umfjölluninni um Botn: „*Kleifakot heitir örnefni hér í landinu.....Ekki vita menn hvört að þetta hefur verið jörð út af fyrir sig eða hjáleiga frá Botni, en nú brúkast það land Botn,, og hefur brikað í manna minni átölulaust. Ekki má hjer aftur byggja því túnstæðið er skógi vaxið, og heyskapur enginn þar nálægt*“. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VII, bls. 222-223.). Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er fjallað um Botn. Þar kemur fram að eyðihjáleigan Kleifakot nýtist sem beitiland.

kennileiti sem staðsetja nákvæmlega hvar víkja skal frá vatnaskilum og síðan hvar þeim skal fylgt aftur. Tilvísanirnar „*uppi Glámujökul*“ og „*fyrir Bessadal*“ þýða ekki að víkja eigi frá því að miða eigi við vatnaskilin.¹²

Óbyggðanefnd hefur í mörgum úrskurðum sínum kveðið á um að vatnaskil skuli ráða merkjum og þá lagt út frá þeirri túlkun að miðað sé við hvert regndropi sem lendi á landi falli á leið sinni út í sjó.¹³ Landamerkjabréfin byggja því á staðháttum á svæðinu hvað þetta varðar.

Framangreind landamerki eru nákvæmlega þau sömu og koma fram í kröfugerð landeigenda í máli þessu. Mörkin voru gerð í samvinnu við landeigendur þess tíma og lá fyrir skriflegt samþykki eigenda samliggjandi jarða er þinglýsingin fór fram. Landeigendur byggja á því að landamerkjabækur séu nýjustu og áreiðanlegustu heimildir um legu landamerkja á Íslandi.

Landeigendur byggja einnig á því að óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar í úrskurðum sínum að jörð, eins og hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé háð beinum eignarrétti. Hæstiréttur styrkti stoðir þessarar kenningar í Hrd. nr. 48/2004 en þar kemur m.a. fram:

„*Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða.*“

Landeigendur byggja einnig á því að ekkert sé komið fram í málinu um að ágreiningur sé um merki Botns og Kleifarkots og annarra jarða og að það auki enn frekar sönnunargildi landamerkjabréfanna.

c) Landamerkjabréf aðliggjandi jarða:

Landeigendur vilja benda á að í landamerkjabréfi jarðarinnar Galtarhryggur er því lýst að landamerki jarðarinnar að Botnslandi séu við vatnaskil á Botnsfjalli og við Raftalág og fer það heim og saman við landamerkjabréf Botns og styrkir þetta landamerkjabréf Botnsjarðarinnar enn frekar.

Landamerkjabréf Hörgshlíðar er frá 1886. Þar eru nefnd kennileitin „*Alptaborgir*“, Skeiðá og Skeiðárvatn og er því enginn ágreiningur um landamerki Hörgshlíðar og Kleifarkots.

¹² Landeigendur vilja benda á að þó vísað sé í Glámujökul í landamerkjabréfi þá er ekki um eiginlegan jökul að ræða heldur bara um hina eiginlegu Glámu sem uppfyllir engan veginn skilyrðin fyrir því að teljast jökkull og þarna hefur ekki verið jökkull á því tímabili sem elstu menn muna. Hafi verið jökkull þarna við undirritun landamerkjabréfsins er á því byggt að hann hafi gengið til baka fljótlega eftir það tímamark og að vatnaskilin í Glámu hafi orðið enn skýrari eftir að jökkullinn hopaði. Fullljóst er að enginn jökkull var þarna við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998. Landeigendur benda á að óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jöklus og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi beri að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga.

Því er krafan að landamerkin norðanmegin fylgi vatnaskilum alla leið upp í Glámu og sunnanmegin frá vatnaskilum ofan Hvannagljúfragils og áfram eftir vatnaskilum upp í Glámu þar sem vatnaskilin mætast, í fullu samræmi við hugsunina á bak við landamerkjalýsinguna.

¹³ Sbr. 09A - mál nr. 1/2016, 6.3 Flekkudalur og 07A – mál nr. 4/2008, 6.4 Flatatunga, Merkigil og Ábær.

Landamerkjalýsing Hörgshlíðar er m.a. undirrituð af Þórði Bjarnasyni, þáverandi eiganda Kleifarkots og Guðmundi Bjarnasyni, sem einnig undirritar landamerkjalýsingar Galtarhryggs, Botns og Kleifarkots.

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Eyri í Ísafirði kemur fram að landamerkin liggi m.a. að Álfaborgum sem er sama kennileiti og miðað er við í landamerkjalýsingu Kleifarkots, og áfram eftir vatnaskilum.

Landeigendur Botns og Kleifarkots byggja á því að framangreindar landamerkjalýsingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða styðji það að landamerkjalýsingar í landamerkjabréfum Botns og Kleifarkots séu réttar.

d) Friðlýsing:

Á manntalsþingi að Reykjarfirði 30. maí 1851 var friðlýst landi Botns í Mjóafirði eða eins og segir í dóma- og þingbók Ísafjarðarsýslu 1848–1854:

„e. Fridlýst var:

[...]

3. [Fyrir] Botns landi öllu frá Raptalag til ad Skeida¹

Framangreind lýsing tekur til beggja jarðanna, þ.e. Botns og Kleifarkots. Landeigendur byggja á því að með friðlýsingunni hafi átt að tryggja að þeir einir hefðu eignar- og nýtingarrétt tengdan jörðinni. Þessi friðlýsing kom til áður en landamerkjalýsingin var gerð og þarna er vísað í sömu kennileiti og í landamerkjalýsingum fyrir Botn og Kleifarkot sem styrkir það enn frekar að réttum landamerkjum sé lýst í landamerkjabréfum jarðanna.

e) Nýting jarðanna:

Landeigendur hafa í gegnum tíðina nýtt jarðirnar að fullu innan landamerkja þeirra. Þannig hafa þeir nýtt vatnsréttindi þeirra, jarðhita, veiðiréttindi, eldivið, beit, grös (þ.m.t. fjallagrös), fallkraft og fleira.

f) Mannvirkjagerð:

Mjög mikið af mannvirkjum er á jörðunum og húsakostur er mjög góður. Þar má m.a. finna rafstöðvarhús ásamt búnaði og leiðslum fyrir fallvatn.

g) Vegalagning:

Landeigendur og forverar þeirra hafa lagt vegi yfir land sitt og var á sínum tíma lagður og ruddur vegur upp að Mýfluguvatni af hálfu landeigenda og á þeirra kostnað. Vegur þessi var á sínum tíma mikið notaður þegar virkjunin var byggð. Einnig hafa landeigendur byggt brú yfir Bessadalsá sem tengist veginum.

h) Skógrækt:

Landeigendur og forverar þeirra hafa staðið fyrir mikilli skógrækt á landi sínu og þá einkum í landi Kleifarkots.

i) Fjárbúskapur og beit:

Dalir jarðanna, Húsadalur, Bessadalur, Saurdalur, Þverdalur, Rjúpnadalur og Hrútadalur, eru grónir hátt til fjalla.

Sauðfjárbúskapur hefur lengst af verið stundaður á jörðunum enda tún góð á báðum jörðunum. Heyskapur hefur alla tíð verið mikill og hefur hann m.a. teygt sig alla leið upp í Saurdal sem er austan megin við Mýfluguvatn.

Heimildir eru fyrir því að bændur í Botni hafi haft töluberðar slægjur úr uppdölunum auk fjallagrasa. Þá hafði jörðin Botn hér áður fyrr haft nokkrar tekjur af uppdölum jarðarinnar því bændur í sveitinni greiddu fyrir fjárbeit, sbr. jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín yfir Vatnsfjarðarsveit frá 1710.

Þegar Sigurður Jónasson var ábúandi í Botni, fór hann með sitt vinnufólk og tjald og var margar vikur við heyskap í Saurdal. Saurdalur er allur innan landamerka Botnsjarðarinnar en liggur utan við landamerkjálínu ríkisins. Sama á við um Fremri Bessadal þar sem er mikið graslendi sem er heppilegt til beitar og heyskapar.¹⁴

j) Virkjanaframkvæmdir:

Í málsatvikalýsingunni hér að framan var gerð grein fyrir Sængurfoßsvirkjun sem Jón J. Fannberg léti byggja og teygir það mannvirki sig alla leið upp að Mýfluguvatni. Einnig lagði Jón J. Fannberg háspennulínu frá stöðinni niður á Skeiði við botn fjarðarins en þar tekur við háspennulína hreppsins og þar með tenging við Orkubú Vestfjarða.

Húsadalsá á upptök sín í stöðuvatninu Mýfluguvatni.¹⁵ Lengi hafa verið uppi hugmyndir um að Mýfluguvatn verði gert að miðlunarloni og má í því sambandi vísa í skýrslu raforkumálastjóra frá 18. febrúar 1952 er ber heitið „*Virkjun Húsadalsár í Mjóafirði*“. Í þeiri skýrslu var m.a. bent á kosti þess að Mýfluguvatn og Djúpavatn¹⁶ yrðu notuð sem miðlunarlon í tengslum við virkjun Húsadalsár.

Jón J. Fannberg leit alltaf á Mýfluguvatn sem hluta af virkjunarkostinum enda gerði hann sér grein fyrir því að þegar frostkaflar kæmu væri virkjunin ekki fær um að skila fullu álagi allan sólarhringinn, en með lítils háttar miðlun í Mýfluguvatni, myndi hún geta það.¹⁷

¹⁴ Byggt m.a. á heimildum úr Gluggasteini, bók Sverris Gíslasonar úr Heydal.

¹⁵ Einnig hefur því verið haldið fram að upptök árinnar megi rekja til Glámu og að hún renni í Mýfluguvatn og þaðan áfram eftir árfarvegi sínum.

¹⁶ Djúpavatn er norðan við Mýfluguvatn í landi Botns.

¹⁷ Sjá hér bréf Jóns J. Fannberg frá 13. júlí 1977.

Árið 1977 tók Jón J. Fannberg til við að reisa miðlunarmannvirki við Mýfluguvatnsós enda hugðist hann stækka virkjunina. Stíflu var ýtt upp og var hún 5 metra há.

Rétt er að benda á það hér að í kröfulýsingu ríkisins er miðað við að Mýfluguvatn verði tekið undan jörðinni sem rýrir allan virkjunarkostinn og mögulega enn meiri stækkun virkjunarinnar sem stefnt hefur verið að. Í því sambandi má m.a. nefna að nýlega hafa landeigendur ásamt Orkubúi Vestfjarða látið VERKÍS gera ítarlega og kostnaðarsama arðsemisgreiningu á því að stækka virkjunina verulega og er þá miðað við að Mýfluguvatn verði miðlunarlón fyrir virkjunina. Í skýrslu Verkís eru m.a. reifaðar hugmyndir um að veita vatni úr Djúpavatni í Mýfluguvatn til að stækka vatnasvið Mýfluguvatns um 30% og þar með rennslið um 25% sem nýtist virkjuninni beint.

Virkjunin nýtir vatnsvæði jarðarinnar allt frá vatnaskilum upp við Glámu. Virkjunin er í dag 720 kw og hefur hún alla tíð verið í eigu landeigenda en verið tengd inn á net Orkubús Vestfjarða.

Jón J. Fannberg var hugsjónamaður um tæknivæðingu og nýtingu auðlinda og gilti einu hvort það var í eigin hag eða samfélagsins m.a. hvað varðar nýtingu á vatnsaflsorku og að lokum má geta þess hér að hann hafði jafnframt uppi hugmyndir og taldi raunhæft að veita vatni af hálendinu á Glámu yfir í Þverdal í landi Botns og nota til rafmagnsframleiðslu í fyrirhugaðri Bessadalsvirkjun.

Fylgiskjal með kröfulýsingu þessari er ljósrit úr bókinni Gluggasteinn en þar má finna umfjöllun um hina stórbrotnu virkjun Jóns í Húsadalsá og umfjöllun um Botnsjörðina og kosti hennar.

— — —

Framangreind upptalning sýnir ótvíraett fram á það að eigendur jarðanna Botns og Kleifarkots hafa í mjög langan tíma nytjað landið bæði á láglendi og upp til fjalla. Það hefur aldrei leikið nokkur vafi á því, að þeirra mati, að allt landið innan landamerkjana þess, tilheyrir jörðinni sem eignarland.

5. Nánari lýsing á afmörkun jarðanna Botns og Kleifarkots:

Í köflunum hér að framan var landamerkjum beggja jarðanna lýst í sitt hvoru lagi og einnig var lýsingunum slegið saman í eina heildarlýsing. Í þessum kafla verður leitast við að lýsa staðháttum mun nákvæmar út frá landamerkjabréfi og kröfulínukorti sem landeigendur hafa útbúið og er fylgiskjal með kröfulýsingu þessari. Á því kröfulínukorti eru ýmsir skýringarliðir sem hjálpa til við að átta sig betur á afmörkun jarðanna.

Afmörkun Botnsjarðarinnar:

Afmörkunin hefst að norðanverðu við sjó við Raftalág (punktur B1) og línan liggar þaðan um Raftalág að vatnaskilum á Botnsfjalli (punktur B2) og þaðan sem vötnum hallar á báða vegu

fram eftir Botnsfjalli (punktur B3) upp í Glámujökul¹⁸ (punktur B5), svo fyrir öll daladrög suður fyrir Bessadal¹⁹, þaðan fyrir sunnan Bessadal, sem vötnum hallar á báða vegu, eftir fjallinu úteftir að Hvannagljúfragili (punktur B7) og eftir því í Bessadalsá (punktur B8) og hún til sjávar (punktur B9).

Tekið skal fram að á kortinu er sýndur punktur B9 sem kallast „Botnsá“. Þar er um það að ræða að þegar Húsadalsá og Bessadalsá sameinast áður en þær falla í sjó verður til Botnsá sem er nafn yfir sameiginlegu ána.

Á kortinu eru einnig merktir þrír dalir sem eru innan landamerkja Botnsjarðarinnar. Þeir eru: Hrútadalur (punktur B13), Rjúpnadalur / Rjúpudalur (punktur B14) og Saurdalur (punktur B15). Að síðustu má nefna punkt B16 á kortinu sem sýnir „Ausuvatn“²⁰ sem er innan landamerkjalýsingar Botnsjarðarinnar.

Afmörkun Kleifarkotsjarðarinnar:

Afmörkunin hefst frá sjó að austanverðu fjarðarins frá Skeiðá (punktur B10) upp í Skeiðárvatn (punktur B11), úr Skeiðárvatni og upp í hæstu „Alptaborgir“ (punktur B12), þaðan fram fjall, eins og vötnum hallar á báða vegu að Hvannagljúfragili (punktur B7), þaðan ofan í Bessadalsá (punktur B8) og með henni til sjávar (punktur B9).

6. Afmörkun svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins:

Kröfulínukort sem landeigendur hafa útbúið og er fylgiskjal með kröfulýsingu þessari, sýnir afmörkun svæðis sem skarast við kröfur íslenska ríkisins. Hreinar tölur án bókstafs stafa frá kröfulýsingu ríkisins en tölur með B fyrir framan stafa frá landeigendum.

Á kröfulínukorti landeigenda eru kröfulínur ríkisins bláar, og það sem fellur utan þeirra er það svæði sem ríkið vill að verði viðurkennt sem þjóðlendur. Svartar landamerkjalínur á kortinu fylgja þinglýstum landamerkjalýsingum eftir því sem næst verður komist. Þar sem landamörk vísa til vatnaskila eru línur þeirra áætlaðar eftir hæðarlínum sem nálgun, nema þar sem landamörk falla saman við hreppamörk sem þegar eru teiknuð á kortið, þar fylgir línan þeim.

Eftirfarandi línur í kröfulýsingu ráðherra ganga inn á land umbjóðenda minna sem er lýst í ofangreindum landamerkjabréfum: Línan frá punkti 7 og til punkts 1 sker hluta af jörð landeigenda eins og sést glögglega á kortinu. Lína ríkisins frá punkti 3 að Mýfluguvatni og þaðan áfram í punkt 4 og þaðan áfram í punkt 5 sker einnig verulegan hluta af landi umbj. minna eins og sést glögglega á kortinu. Þessi síðastnefndi niðurskurður bitnar bæði á Botnsjörönni og Kleifarkotsjörönni enda er línan langt fyrir innan skýr landamerki þeirra jarða skv. landamerkjabréfum.

¹⁸ Tekið skal fram að punktur B4 á kortinu liggur á gömlum hreppamörkum.

¹⁹ Tekið skal fram að punktur B6 á kortinu liggur á hreppamörkum.

²⁰ Vatn þetta er ónefnt á kortum, en Jón J. Fannberg kallaði það Ausuvatn. Annað minna vatn með sama heiti er þar sem punktur 7 hefur verið settur á kröfulínu ráðherra fyrir Stórkamb.

7. Rök landeigenda fyrir því að kröfulínur ríkisins standist ekki:

Landeigendur telja að kröfur ríkisins geti ekki staðist þar sem þær fara inn fyrir landamerkjálínur Botns og Kleifarkots. Verður það nú nánar rökstutt og skiptist umfjöllunin aðallega í tvennt og miðast við svæðin Stórankamb annars vegar og hins vegar við svæði sem nefnt er Kleifa(r)kot²¹ og almenningar í Ísafirði í kröfulýsingu ríkisins.

a) Stórikambur

Samkvæmt landamerkjábréfi Botns ganga mörk jarðarinnar í vestri eftir vatnaskilum inn að Glámu. Á þessari leið liggur Botn að jörðunum Galtarhrygg og Heydal, að hreppamörkum Reykjafjarðarhrepps og Ögurhrepps hinna fornu.

Í kröfulýsingu ríkisins er punktur 7 staðsettur í Reykjafjarðarhreppi forna. Umbjóðendur míni telja að línan frá punkti 7 í punkt 1 í afmörkun Stórankams í kröfulýsingu ríkisins eigi að liggja að landamörkum Botns sem eru á vatnaskilum, og síðan meðfram þeim að mörkum Reykjafjarðarhrepps (nálgun að vatnaskilum við Glámu) og fylgja þeim mörkum að punkti 1. Þegar kröfulína ríkisins frá punkti 7 er dregin í beinum línum yfir vatnaskil við landamörk Botns yfir í punkt 1 sneiðir kröfugerð ríkisins hluta af landi Botnsjarðarinnar, þvert á vatnaskil, þrátt fyrir að ríkið leggi þau til grundvallar í texta kröfulýsingar sinnar.

b) Kleifa(r)kot og almenningar í Ísafirði

Þegar komið er inn á Glámu fara mörk Botnsjarðarinnar, skv. landamerkjábréfi, í norðvestri og suðri eftir vatnaskilum fyrir öll daladrög og áfram eftir vatnaskilum sunnan Bessadals (það er að segja frá punkti B5 í punkt B6 og þaðan í punkt B7 og þaðan í punkt B8 og þaðan eru mörkin tekin í næsta punkt sem er B9). Það skal ítrekað að samkvæmt lýsingunni ganga mörkin fyrir öll daladrög við Glámu en ekki bara sum.²² Með orðalaginu „*fyrir öll daldrög*“ er því í raun verið að vísa til vatnaskila í norðvestri (sbr. legu hreppamarka) og suðri.

Það er nokkuð ljóst að punktur 4 í afmörkun Kleifakots og almenninga í Ísafirði er rangt settur niður, hann á að vera við punkt B7 við vatnaskil uppi á fjallinu eins og landamerkjábréfið tilgreinir um mörk jarðanna Botns og Kleifarkots, en ekki ofan í dalnum á mörkum Bessadals og Fremri Bessadals.

Í kröfulínu ráðherra er Punktur 3 settur á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhrepps í 866m hæð sunnan við Glámu (3). Erfitt er að færa rök fyrir því að hann marki efstu mörk almenninga í Ísafirði til vesturs, þar eð vandséð er að þau liggi alla leið upp á Glámu, heldur séu efri mörk þeirra í námunda við punkt B6 þar sem vatnaskil milli Mjóafjarðar (og þar með Botns) og Ísafjarðar mæta hreppamörkum Súðavíkurhrepps og Reykhólahrepps á vatnaskilum Glámu.

Í texta kröfulýsingar ráðherra segir um afmörkun (úr punkti 3 í punkt 4):

²¹ Í kröfulýsingu ríkisins er notast við nafnið „*Kleifarkot og almenningar í Ísafirði*“ Landeigendur telja að réttara nafn á þessu svæði sé Kleifakot og þannig eigi að sleppa bókstafnum r þegar átt er við svæðið sem tengist almenningum í Ísafirði. Með þessu er einnig haldið aðgreiningu frá Kleifarkoti sem er hluti af Botnsjörðinni og allt önnur landareign.

²² Samkvæmt íslenskri orðabók er daldrag skilgreint sem „hallandi upp af dalbotni með giljum og lægðum“, og dalbotn er skilgreindur sem innsti hluti dals.

“(3). Þaðan í línu eftir hæstu brúnum eftir því sem vötnum hallar að Bessárdal og að Hvannagljúfragili (4).”

Þessi kröfulýsing samræmist ekki landamerkjabréfalýsingum jarðarinnar/jarðanna þar sem stendur:

„... svo fyrir öll daladrög suður fyrir Bessadal, þaðan fyrir sunnan Bessadal, sem vötnum hallar á báða vegi eptir fjallinu úteptir að Hvannagljúfragili ...“

Landamörk beggja jarðanna, Botns og Kleifarkots, liggja eftir vatnaskilum gagnvart almenningi í Ísafirði og mætast ofan við Hvannagljúfragil (punktur B7). Innbyrðis mörk jarðanna liggja þaðan niður í og eftir Bessadalsá til sjávar.

Eins og fyrr greinir staðsetur ríkið punkt 4 langt inni á jörð landeigenda eins og hún er skilgreind samkvæmt landamerkjabréfum þegar hann setur punktinn (samkvæmt korti) niður í dalnum en ekki við vatnaskilin uppi á fjalli þar sem punktur B7 er. Með þessum gerningum sker hann m.a. hluta Bessadals af jörðinni (Fremri Bessadal) ásamt Saurdal, Hærri og Lægri Þverdal, Rjúpnadal og Hrútadal.

Í kröfulýsingu ríkisins er ekki hirt um að fara fyrir öll daladrög heldur eru dalir sneiddir af. Þegar punktur 4 hefur verið færður á réttan stað, þ.e. að vatnaskilum sunnan Bessadals við punkt B7, eiga línumnar frá punkti 3 í punkt 4 og frá punkti 4 í punkt 5 að fylgja vatnaskilum, þ.e. þær eiga að fylgja mörkum lands umbj. minna en ekki að liggja inni á því.

c) Önnur atriði

Umbjóðendur mírir hafna því að ríkið geti byggt kröfur sínar á einhverjum beinum línum sem byggja ekki á staðháttum og fyrirliggjandi heimildum. Beinar línum halda ekki nema landeigendur hafi samið um slíka skiptingu sín á milli sem er ekki í þessu tilviki. Í þessu sambandi vilja landeigendur m.a. vísa til afstöðu óbyggðanefndar við meðhöndlun á svæði 10C varðandi Skálmarnesmúla, en þar taldi óbyggðanefnd að kröfulína ríkisins á jörð, sem dregin var um þrjá hæðarpunkta ætti sér ekki stoð í heimildum um merki jarðarinnar.²³

Ef ráðherra kýs að afmarka þjóðlendur með beinum línum, þá verða þær línum alls staðar að liggja utan landamerkjá jarðanna Botns og Kleifarkots í Mjóafirði, sem markast m.a. af vatnaskilum.

Umbjóðendur mírir vilja gera sérstakar athugasemdir við það sem kemur fram í kröfulýsingu ríkisins í kafla 5.4.7 en þar er fjallað um Kleifa(r)kot og almenninga í Ísafirði. Þar kemur fram að: “Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, að því marki sem þau liggja fyrir, en það eru Botn og Kleifarkot í Mjóafirði og svo Eyri og Gervidalur í Ísafirði. Þá er jafnan stuðst við lýsingar jarðabókar og sóknarlýsingar sem gefa vísbindingar um að kröfusvæðið hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 400 m

²³ Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram hvað þetta varðar: „Með hliðsjón af staðháttum, sem lýst er hér að framan, verður ekki séð að fundin verði skil í landslagi, sem eðlilegt getur talist að miða landamerki við, frá óumdeildu eignarlandi sunnan kröfulínu ríkisins fyrir en komið er að vatnaskilum á milli norðurs og suðurs, í samræmi við kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins vegna Skálmarnesmúla. Slik afmörkun sem fylgir vatnaskilum umhverfis Skálmarnesmúla á sér jafnframt stoð í þeim heimildum sem til eru um merki og land jarðarinnar, þrátt fyrir að gildi þeirra sé takmarkað, auk þess sem heimildir um landamerki aðliggjandi jarða styðja við þá afmörkun.“

hæð en svæðið er gróðursnautt." Þarna virðist vera byggt á þeim forsendum að taka megi eignarland af landeigendum og skilgreina það sem þjóðlendu ef: landið er yfir einhverri ákveðinni hæð, er lítt eða ekkert nýtt af eigendum og er gróðurlítið eða gróðursnautt.

Landeigendur hafna því alfarið að ríkið geti byggt á framangreindum forsendum til að ganga á stjórnarskrávarinn eignarrétt þeirra að landinu. Byggt er á því að óbyggðanefnd hefur í úrskurðum sínum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á tilekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til breytingar á henni.

Landeigendur geta ekki heldur fallist á að staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar leiði til þess að breyta eigi hluta af eignarlandi þeirra í þjóðlendu og vísa í því sambandi til kafla 4 hér að framan þar sem sýnt er fram á hvernig landið hefur verið nýtt innan landamerka þess.

8. Heimildir:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðar og Strandasýslur, VII. bindi. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1938.

Sverrir Gíslason frá Heydal, „Ljósmyndabókin Gluggasteinn“ ISBN 9979-70-033-5, bls. 6-10 og bls. 24-31, Bókaútgáfan Gýgjarsteinn, 2007.

9. Áskilnaður og fyrirvari:

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemendum á síðari stigum málsméðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum, t.d. með því að færa inn á kröfukort nýja punkta í samræmi við örnefni, svo og til að gera breytingar á kröfulínum á einstökum svæðum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð.

Reykjavík, 18. mars 2021

f.h. landeigenda



Árni Ármann Árnason, hrl.

Fylgiskjöl:

1. Löggemannsumboð
2. Landamerkjabréf fyrir Botn ásamt uppskrift úr landamerkjabók
3. Landamerkjabréf fyrir Kleifarkot ásamt uppskrift úr landamerkjabók

4. Þinglýstur erfðaskiptasamningur frá 26. nóv. 1990 þar sem eignarhald á jörðunum Botni og Kleifarkoti er staðfest.
5. Útskrift úr fasteignabók sýslumanns vegna Kleifarkots.
6. Tölvupóstur frá embætti sýslumannsembættisins á Vestfjörðum, dags. 12. feb. 2021.
7. Kröfulínukort með skýringum á einstökum liðum sem landeigendur hafa útbúið.
8. Sameiginlegt kröfulínukort frá Landform.
9. Nýtt veðbókarvottorð, dags. 10. mars 2021 sem staðfestir eignarhald landeigenda á Botni.
10. Sameiginlegt fasteignamatsvottorð fyrir báðar jarðirnar.
11. Útprentun úr ljósmyndabókinni Gluggasteini, bls. 6-10 og 24-31.
12. Bréf Jóns J. Fannberg, dags. 13. júlí 1977.
13. Úrdráttur úr skýrslu VERKÍS um endurnýjun Sængurfossvirkjunar.

Lögfræðibjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. kt. 570800-2560
Sigtúni 42. BBox 8552 128 Reykjavík – Ísland
Sími 5787805 – 8921303 – Netfang: sigurdursig@gmail.com
Sigurður Sigurjónsson hrl.

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Kröfulýsing á svæði 10.B. Ísafjarðarsýslur. Eyri

Fyrirvarsmaður.

Undirritaður Sigurður Sigurjónsson hrl., kt. 240346-2579, Sigtúni 42, Reykjavík fer með mál þetta samkvæmt umboði frá Sigurgísla Ingimarssyni, kt. 100656-7369 og Kristínu Guðjónsdóttur, kt. 270663-7619 bæði til heimilis að Blátúni 3, Garðabæ.

Málsaðilar.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið kt. 550169-2829 Arnarhvoli 150 Reykjavík kemur fram í máli þessu fh. íslenska ríkisins sbr. 2. og 11. gr. l. nr. 58/1998.

Sigurgísla Ingimarsson, kt. 100656-7369 og Kristín Guðjónsdóttir, kt. 270663-7619 en þau eru sameigendur að jöfnu að jörðinni Eyri við Ísafjörð í Súðavíkurhreppi L141567. Kröfum er lýst fyrir þeirra hönd.

Kröfur.

1. Að úrskurðað verði að eignarland þeirra Sigurgísla Ingimarssonar og Kristína Guðjónsdóttur, sem er jörðin Eyri við Ísafjörð eins og því verður lýst hér á eftir, sé fullkomíð eignarland og falli utan marka þjóðlendna.
2. Að umbj.m. verði úrskurðaður allur málskostnaður.

Landamerki og rökstuðningur krafna.

Með bréfi Óbyggðanefndar var umbj.m. gefinn kostur á að svara kröfum ríkisins vegna eignarlands síns. Þinglýst er eignarheimild umbj.m. að jörðinni Eyri við Ísafjörð.

Fyrir liggur svolátandi landamerkjabréf útgefið og þinglýst 5. júní 1889.

“Að utanverðu í Laugará frá sjó í svo kallað Parts-vatn, svo í læk, sem rennur í nefnt vatn, þaðan beina stefnu í Ennisborg í þúfvörðu, sem er austanvert við svo nefndar þrívorður, þaðan fram í ytri Langavatns enda og Álftaborgir; úr því sem vötnum hallar til fjalls. Að framanverðu í Hestarkleifargil í Ísafjarðará.

Staddir í Reykjafirði 5. júní 1889

Guðmundur Bárðarson

Jón Einarsson

Stefán Stephensen

Sigurður Halldórsson”.

Þessi mörk hafa verið með öllu ágreiningslaus. Vísast til lýsingar landmarka eins og áður greinir, en mörkin eru hnitasett. Á bls. 151, 182 og víðar er í kröfulýsingu íslenska ríkisins vikið að Eyri í Ísafirði.

Af framlögðu korti, skjal nr. 3, en þar eru landamerki Eyrar innfærð svo og kröfulína íslenska ríkisins má sjá, að landamerki á framhluta jarðarinnar skarast nokkuð við kröfulínu fjármálaráðherra. Tel ég að ætla megi að sú kröfulína kunni að verða leiðrétt af fjármálaráðherra við meðferð málsins fyrir Óbyggðanefnd. Ísafjarðará hefur verið nýtt af eigendum Eyrar til ræktunar og veiða og vatnstöku. Engin rök mæla með því að taka til greina kröfu íslenska ríkisins, sem tekur af jörðinni láglendi, veiði- og vatnsréttindi eins og felst í kröfunni og er slíkum kröfum mótmælt.

Lagður verður fyrir Óbyggðanefnd málskostnaðarrekningur ásamt vinnuskýrslu og upplýsingum um tímagjald, sem nefndinni ber að leggja til grundvallar við ákvörðun lögmannsþóknunar samkvæmt 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 sbr. 31. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarrekning síðar.

Lagarök.

Landamerkjalög nr. 5/1882 og lög nr. 41/1919, um landamerki ofl. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, t.d. 5., 7., 10. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Lög nr. 62/1994, um Mannréttindasáttmála Evrópu, 1. gr. 1. samningsviðauka. Lög nr. 46/1905 um hefð. Aðrar meginreglur eignarréttar og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinna.


Skrá um fylgiskjöl og heimildir:

1. Landamerkjabréf frá 5. júní 1889 í ljósriti .
2. Afsal úr veðmálabók dags. 14.09.2018.
- 3-4. Ljósmynd með landamerkjum og kröfulínu (stækkuð).
5. Umboð.

Í málinu hafa verið lögð fram gögn, sem varpa ljósi á eignarheimildir að fornu og nýju. Við athugun á framlögðum gögnum virðist svo sem eigi sé þörf á frekari framlagningu gagna til stuðnings sjónarmiðum og kröfum umbjóðenda minna. Allur réttur er þó áskilinn til að koma að nýjum gögnum, ef um ræðir og tilefni gefst til á síðari stigum.

Að öðru leyti verður kröfugerð reifuð nánar í greinargerð og við munнlegan flutning málsins.

Reykjavík, 19. mars 2021
Virðingarfyllst,



Sigurður Sigurjónsson hrl.

Lögfræðibjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. kt. 570800-2560
Sigtúni 42. BBox 8552 128 Reykjavík – Ísland
Sími 5787805 – 8921303 – Netfang: sigurdursig@gmail.com
Sigurður Sigurjónsson hrl.

**Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík**

Kröfulýsing á svæði 10.B. Ísafjarðarsýslur. Kleifarkot og Almenningar Súðavíkurhrepps í Ísafirði.

Fyrirvarsmaður málsaðila.

Undirritaður Sigurður Sigurjónsson hrl., kt. 240346-2579, Sigtúni 42, Reykjavík fer með mál þetta samkvæmt umboði frá Súðavíkurhreppi, kt. 630269-4589.

Málsaðilar.

Fjármála-og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík kemur fram í máli þessu f.h. íslenska ríkisins sbr. 2. og 11. gr. l. nr. 58/1998.

Súðavíkurhreppur, kt. 630269-4589 er eigandi að Kleifarkoti og Almenningum Ísafirði og er aðili að máli þessu.

Á árinu 1994 var Ögurhreppur ásamt Reykjafjarðarhreppi sameinaður Súðavíkurhreppi og er heiti hreppanna þriggja nú Súðavíkurhreppur.

Kröfur.

1. Að úrskurðað verði að eignarland Súðavíkurhrepps, sem er Kleifarkot og Almenningar Súðavíkurhrepps, sé fullkomíð eignarland og falli utan marka þjóðlendna.
2. Að umbj.m. verði úrskurðaður allur málskostnaður.

Landamerki og rökstuðningur krafna.

Með bréfi Óbyggðanefndar var umbj.m. gefinn kostur á að svara kröfum ríkisins vegna eignarlanda sinna. Meðal þeirra eru Kleifarkot og Almenningar Súðavíkurhrepps í Ísafirði sem svo hafa verð kallaðir frá ómunatíð. Kleifarkot og Almenningar Ísafirði eru samliggjandi um Ísafjörð. Kleifarkot að austan en Almenningar Ísafirði að sunnan og austan. Landamerki eru ágreiningslaus. Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Kleifakot í Ísafirði dags. 4. október 1889. Jörðin á land að Ísafirði ..“ að utanverðu Gervidalsá fram á Butraldabrekku, þaðan eptir fjallinu, eins og vötnum hallar að Ísafjarðará.“

Rétt er að leggja fram annars vegar kort frá byggingafulltrúa með aðgreiningu Almennings á Ísafirði annars vegar og hins vegar kort frá óbyggðanefnd með afmörkun á landi Kleifarkots.

Á bls. 182 gefur að líta undir kröfulið 5.4.7. Kleifarkot og almenningar í Ísafirði kröfur íslenska ríksins. Er kröfunum mótmælt.

Á framlögðu korti íslenska ríkisins koma fram þjóðlendukröfulínur en gerð er krafa um að þjóðlenda nái yfir allt land Súðavíkurhrepps í Almenningi Ísafjarðar og jarðarinnar Kleifarkots að hæstu tindum, þar sem hæstu ráða merkjum á milli Súðavíkurhrepps annars vegar og Ísafjarðarbæjar hins vegar.

Jörðin Kleifarkot er í botni Ísafjarðar, lýsingu má sjá í gögnum íslenska ríkisins kafla 4.3.7. á bls. 151. Jörðin hefur verið nýtt af hreppnum um Þar kemur fram að jörðin hafi verið notuð af hreppsbúum fyrir afrétt. Á fyrri tíð átti Nauteyrarhreppur jörðina en Reykjafjarðarhreppur leigði hana fyrir afrétt. Þá eignaðist Súðavíkurhreppur jörðina, Jörðinni fylgja slægjur, beitarlönd og vatnsréttindi í Ísafjarðará.

Lagður verður fyrir Óbyggðanefnd málskostnaðarrekningur ásamt vinnuskýrslu og upplýsingum um tímagjald, sem nefndinni ber að leggja til grundvallar við ákvörðun lögmannshóknunar samkvæmt 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 sbr. 31. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarrekning síðar.

Lagarök.

Landamerkjalög nr. 5/1882 og lög nr. 41/1919, um landamerki ofl. Lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, t.d. 5., 7., 10. og 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Lög nr. 62/1994, um Mannréttindasáttmála Evrópu, 1.gr. 1. samningsviðauka. Lög nr. 46/1905 um hefð. Aðrar meginreglur eignarréttar og eignarréttarákvæði stjórnarskráinnar.


Skrá um fylgiskjöl og heimildir:

1. Kort frá byggingarfulltrúa með innfærslu á Almenningi Ísafirði og kort með Kleifarkoti.
2. Umboð dags. 05.01.2021.
3. Samantekt úr fundagerðarbók Ögurhrepps.

Vera kann að þörf sé á frekari framlagningu gagna til stuðnings sjónarmiðum og kröfum umbjóðenda minna. Allur réttur er því áskilinn til að koma að nýjum gögnum, ef um ræðir og tilefni gefst til á síðari stigum.

Að öðru leyti verður kröfugerð reifuð nánar í greinargerð og við munnlegan flutning málssins.

Reykjavík, 19. mars 2021
Virðingarfyllst,


Sigurður Sigurjónsson hrl.

Óbyggðanefnd,
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2021

K R Ö F U L Ý S I N G
Orkubús Vestfjarða í mali um þjóðlendumörk í
Ísafjarðarsýslu, svæði 10B.

Orkubú Vestfjarða sendi Óbyggðanefnd sameiginlega kröfugerð fyrir svæði 10B og svæði 10C hinn 4. janúar 2021.

Óbyggðanefnd sendi undirrituðum bréf dags. 12. janúar 2021 og benti á að málsmeðferð nefndarinnar á svæði 10C væri lokið og óskaði eftir því að kröfugerð varðandi það svæði og svæði 10B verði aðskilin.

Með vísan til framangreinds og tilkynningar óbyggðanefndar frá 9. október 2020 og 10. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendana og afréttu nr. 58/1998 er hér með lýst neðangreindri kröfu.

Krafan varðar eignarrétt Orkubús Vestfjarða til virkjunar alls vatnsafls, jarðrita, fallvatns, í tilteknum þjóðlendum í Ísafjarðarsýslu, svæði 10B, auk beinna og óbeinna eignarréttinda félagsins á landréttindum undir línustæði vegna virkjana og veitukerfis félagsins í þjóðlendum á sama svæði.

Kröfulýsing þessi er til viðbótar kröfulýsingu Orkubús Vestfjarða á svæði 10B sem send var óbyggðanefnd með bréfi dags. 1. mars 2021 vegna jarðanna Hjallkárseyrar, Rauðastaða og Borgar.

MÁLSAÐILI

Orkubú Vestfjarða ohf., kt. 660877-0299, Stakknesi 1, Ísafirði, á aðild að mali þessu, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 58/1998.

Stjórnarformaður Orkubús Vestfjarða er Illugi Gunnarsson og orkubússtjóri er Elías Jónatansson.

FYRIRSVAR

Lögmaður Orkubús Vestfjarða í þessu mali er Jónas A. Aðalsteinsson, hrl. jaa@lex.is, LEX lögmannsstofu, Borgartúni 26, Reykjavík, sbr. hjálagt umboð dags. 17. febrúar 2021.

NÁNAR UM ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.

Orkubú Vestfjarða var sett á fót með lögum nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða. Samkvæmt 2. gr. laganna skyldi tilgangur félagsins vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, þar sem hagkvæmt þætti. Skyldi félagið eiga og reka vatnsorkuver og dieselraforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar. Jafnframt skyldi það eiga og reka jarðvarmavirki og reka fjarvarmakynndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Samkvæmt 3. gr. laganna var félagið sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum og skyldi eignarhluti ríkissjóðs vera 40% en eignarhlutir sveitarfélaganna skyldu nema samtals 60% og skiptast innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra. Í 9. gr. laganna var jafnframt ákveðið að leggja skyldi fyrir aðalfund ár hvert skrá um skiptingu eignarhlutdeildar sveitarfélaganna og atkvæðisrétt samkvæmt manntali 1. desember árið áður.

Í 5. gr. laganna var kveðið á um stofnframlög eigenda félagsins og var ákveðið að Rafmagnsveitir ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitir sveitarfélaga á Vestfjörðum skyldu afhenda Orkubú Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laganna voru eftirtaldar eignir í Ísafjarðarsýslum framseldar Orkubú Vestfjarða til eignar.

Nr. og dagsetning	Framseljandi	Eignir samkvæmt samningi
1. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Mjólkárvirkjun I og II
2. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Jörðin Borg í Auðkúluhreppi
3. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Jörðin Rauðstaðir í Auðkúluhreppi
4. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð á Þingeyri ásamt fasteignum
5. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð og tilheyrandi rafkerfi á Suðureyri
6. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð og rafkerfi í Bolungarvík
7. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð ásamt tilheyrandi í Súðavík
8. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Rafstöð ásamt tilheyrandi á Flateyri
9. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	Sælu- og fjallahús á Vestfjörðum: Rauðkoll Klofningsheiði Hrafnseyrarheiði Tröllatunguheiði
10. 1978, 14.06	Iðnaðarráðherra	<u>Eftirtaldar aðveitustöðvar:</u> Króksfjarðarnesi Mikladal Norður-Botn Tálknafirði

		Bíldudal Hrafnseyri Þingeyri Ísafirði
11. 1982, 09.11	Iönaðarráðherra	<u>Aðveitustöð að Mjólká og Geiradal</u>
12. 1978, 01.12	Ísafjarðarbær	Rafveita Ísafjarðar, Nónhornsvirkjun og Fossavirkjun ásamt öllu tilheyrandi og borholum í Tungudal og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem kaupstaðurinn á eða kann að eiga í löndum sínum eða annars staðar og hann kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.
13. 1978, 02.12	Bolungarvík	Borholur í landi Gils og Hanhóls í Syðridal og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem kaupstaðurinn á eða kann að eiga í löndum sínum eða annars staðar og hann kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“
14. 1980, 24.06	Reykjafjarðarhreppur og Ögurhreppur	Rafveita Reykjafjarðar- og Ögurhrepps og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem þeir eða rafveitan á eða kunna að eiga í löndum hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og kunna að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.
15. 1980, 08.02	Snæfjallahreppur og Nauteyrahreppur	Mýrarársvirkjun og Blævarársvirkjun og „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita fallvatns, sem þeir eða Rafveita Snæfjalla eiga eða kunna að eiga í löndum

16. 1993,30.04

Suðureyrarhreppur

hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og hrepparnir kunna að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“.

Hitaveita Suðureyrar
og

„öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita, fallvatns, sem Suðureyrarhreppur eða Hitaveita Suðureyrar á eða kann að eiga í löndum sveitarfélagsins, hitaveitunnar eða annars staðar og sveitarfélagið kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda“

Félagið hóf formlega starfsemi sína 1. janúar 1978.

Með lögum nr. 40/2001 um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða var ríkisstjórninni heimilað að standa að stofnun hlutafélags um rekstur Orkubús Vestfjarða og leggja til hlutafélagsins hlut ríkisins í sameignarfélaginu Orkubúi Vestfjarða. Það gekk eftir og var félagið stofnað í júní 2001 með efnislega óbreyttum tilgangi.

Samkvæmt stofnsamningi félagsins 1. júní 2001 voru stofnendur þess, ríkissjóður, Ísafjarðarbær, Vesturbýggð, Bolungavíkurkaupstaður, Hólmavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Súðavíkurhreppur, Kaldrananeshreppur, Bæjarhreppur, Broddaneshreppur, Árneshreppur og Kirkjubólshreppur.

Síðla árs 2001 náðist samkomulag milli ríkisins og allra annarra hluthafa þess, allra sveitarfélaganna, um að ríkið keypti alla hluti þeirra í féluginu. Enda þótt félagið væri þá orðið 100% í eigu ríkisins var tilgangur rekstrar þess sá sami og áður og sveitarstjórnirnar tilnefna menn í stjórn þess áfram. Stjórnarformaður er þó tilnefndur af ráðherra.

Við gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 var rekstur Orkubús Vestfjarða aðlagaður að regluverki þeirra laga. Þau lög hafa ekki nein áhrif á álitaefni þessa máls.

MÁLAVEXTIR

Í dag rekur fyrirtækið eftirtaldar virkjanir: Mjólkárvirkjun I, II og III, Þverárvirkjun, Nónvirkjun, Fossárvirkjun, Tungudalsvirkjun, Reiðhjallavirkjun, Mýrarárvirkjun og Blævardalsárvirkjun. Orkan er síðan flutt frá þessum virkjunum og dreift um alla Vestfirði um veitukerfi félagsins.

Félagið á allt orkuflutningskerfi félagsins og einnig beinan eignarrétt þeirra landréttinda sem það kerfi er byggt á, sbr. 21. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Þau landréttindi hefur félagið ýmist fengið sem stofnframlög eða fengið þau við kaup á þeim landréttindum af þeim jarðeigendum sem áttu þau áður. Félagið á auk þess beinan eignarrétt til þeirra landréttinda sem falla undir helgunarsvæði meðfram orkuflutningskerfinu samkvæmt lögum um það efni, reglugerð nr. 586/2004 og íslenskra staðla um það efni. Féligið á auk þess beinan eignarrétt til helgunarsvæða meðfram aðveitukerfi félagsins, allt samkvæmt nánari skilgreiningu hér á eftir.

Félagið á auk þess allan rétt til virkjunar vatnsafls, jarðrita, fallvatns, sem framangreind sveitarfélög og orkuvirkjanir þeirra áttu og framseldu til félagsins sem stofnframlag samkvæmt framangreindum gögnum.

Orkubú Vestfjarða á allar þær fasteignir og landréttindi sem lýst er í framangreindum afsöлum ríkisins og sveitarfélaganna til félagsins.

Meðfylgjandi eru til glöggvunar á umfangi framgreindrar starfsemi og virkra réttinda félagsins á Vestfjörðum öllum eru meðfylgjandi yfirlitskort og uppdrættir af staðsetningu virkjana og aðveitulagna að þeim á skjali nr. 17.

Staðsetning framangreindra réttinda Orkubús Vestfjarða í þjóðlendum samkvæmt kröfugerð ríkisins á svæði 10B – Ísafjarðarsýslum hefur verið dregin á kortagrunn óbyggðanefndar hjá Landform ehf. og koma þar fram. Nánari grein verður gerð fyrir þeim í eftirfarandi kröfugerð.

KRÖFUGERÐ

Kröfugerð Orkubús Vestfjarða ohf. er sett fram á grundvelli ákvæða 9. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 10. gr.

Ef skilja ber kröfugerð ríkisins um þjóðlendur á svæði 10B þannig að ríkið eigi þau landréttindi innan þeirra þjólendna sem eru eign Orkubús Vestfjarða ohf. er þeirri kröfugerð ríkisins andmælt.

Orkubú Vestfjarða gerir kröfu um beinan eignarrétt félagsins á eftirtöldum eignum innan þjóðlendna á hinum auglýstu landsvæðum 10B.

1. Eignarétt lands undir Súðavíkurlínu, Rauðkolli, sem er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8, lands undir Ingjaldssandslínu 1, Klúkuheiði, sem er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8 og lands undir Þingeyrarlínu á Hrafnseyrarheiði, sem einnig er hnitamerkt á skjali 17, bls. 8. Öll þessi línustæði koma fram á meðfylgjandi uppdráttum óbyggðanefndar, vinnukorti nr. 18.
2. Rétt til virkjunar alls vatnsafls, fallvatns, Mýrarárvirkjunar, Fossvirkjunar, Nónhornsvirkjunar, Reiðhjallavirkjunar, Tungudalsvirkjunar, Blævardalsvirkjunar, væntanlegrar Hafnardalsárvirkjunar, Mjólkárvirkjunar, Mjólká VI – vatnasviði Skötufjarðar og væntanlegrar Tröllárvirkjunar – vatnasviði Vattarfirði og Ísafirði, almenningum Hestfirði, Skötufirði og Ísafirði, vatnasviði milli Hafnardalsár og Þverár, innan þjóðlendna á svæði 10B, samkvæmt skjali 17 og uppdrætti óbyggðanefndar.
3. Eignarétt allra landréttinda undir aðveitukerfi Orkubús Vestfjarða frá vatnakerfi Orkubúsins samkvæmt 2. kröfulið hér að framan að Mýrarárvirkjun, Fossárvirkjun, Nónhornsvirkjun, Reiðhjallavirkjun, Tungudalsvirkjun, Blævardalsvirkjun, væntanlegri Hafnardalsárvirkjun, Mólkárvirkjun, Mjólkárvirkjun VI og væntanlegri Tröllárvirkjun auk réttar til að veita vatni frá þeim virkjunum til sjávar.

MÁLSKOSTNAÐARKRAFA

Orkubú Vestfjarða krefst þes að Óbyggðanefnd úrskurði um nauðsynlegan kostnað til handa fyrirtækinu vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

Samkvæmt framangreindum skjölum nr. 1 til 11 framseldi ríkið þargreindar eignir ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins til Orkubús Vestfjarða upphaflega sem stofnframlag til félagsins. Samkvæmt skjölum nr. 12 til 16 afhentu þargreind sveitarfélög á sama hátt þær eignir sem koma fram í þeim afsölum til Orkubús Vestfjarða, einnig sem stofnframlög sveitarfélaganna í félagini. Sumum þessara gagna er þinglýst en ekki öllum.

Kröfugerð Orkubús Vestfjarða um eignarrétt að umkröfðum landréttindum í þjóðlendum í máli þessu er óumdeildur eftir því sem best er vitað.

Orkubú Vestfjarða hefur auk þess keypt ýmis jarðarhlunnindi frá stofnun félagsins til dagsins í dag, jafnvel fengið hlunnindi gefins.

Áskilinn er réttur til að gera ítarlegri grein fyrir hinum umkröfðu réttindum ef þurfa þykir við framhald meðferðar málssins fyrir nefndinni.

Til stuðnings kröfum sínum vísar OV til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísar félagið til almrennra meginreglna íslensks eignaréttar. Enn fremur er vísað til ákvæða laga um hefð nr. 46/1905 og til vatnalaga nr. 15/1923 og til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendra og afréttu nr. 58/1998 og til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

DÓMAR UM EIGNARRÉTT ORKUBÚS VESTFJARÐA OHF. AÐ HLUNNINDUM JARDÁ Á SVÆÐUNUM.

Réttur OV til virkjunar vatnsafls, jarðhita, fallvatns, sem framangreind sveitarfélög áttu og framseldu til félagsins sem stofnframlag samkvæmt framangreindum samningum hefur komið til úrlausnar fyrir dómi. Úr því álitaefni var skorið með dómi Landsréttar nr. 334/2019 í máli Ísafjarðarbæjar gegn Orkubú Vestfjarða hinn 21. febrúar 2020, þar sem segir orörétt í dómSORði: „Viðurkennt er að allur réttur til virkjunar vatnsafls, fallvatns, í Úlfsá í Dagverðardal, Ísafjarðarbæ, sé eign stefnda“.

Ákveðið álitaefni varðandi jarðitaréttindi Orkubúsins kom upp í framhaldi af framsali Suðureyrarrepps á Hitaveitu Suðureyrar til Orkubús Vestfjarða hinn 30 apríl 1993. Félagið GKP ehf. stefndi Orkubú Vestfjarða hinn 5. nóvember 2014 til að þola að eignar- og nýtingarrétttur jarðhita í Laugum á Súgandafirði tilheyroi þeirri jörð á grundvelli þess að Suðureyrarreppi hefði verið óheimilt að undanskilja jarðitaréttindin við sölu jarðarinnar á árinu 1944 þar eð samþykkis ráðherra hefði ekki legið fyrir samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 98/1940.

Orkubú Vestfjarða var sýknað í héraði af þeim kröfum hinn 29. júní 2015 og var sá dómur staðfestur með dómi Hæstaréttar hinn 2. júní 2016, HRD 643/2015.

Fordæmisgildi beggja þessara dóma er ótvíraett.

FRAMLÖGÐ SKJÖL

Framangreind skjöl nr. 1 til 18.

ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Orkubú Vestfjarða áskilur sér rétt til að leggja fram frekari kröfur og gögn á síðari stigum málsins. Þá áskilur félagið sér rétt til að gera nánari grein fyrir framlögðum kröfum og gögnum í greinargerð og á síðari stigum málsiins. Félagið áskilur sér einnig rétt til að breyta kröfugerð sinni undir rekstri málsins.

Orkubú Vestfjarða væntir þess að óbyggðanefnd afli sjálf ítarlegri heimilda og gagna um mál þetta eftir því sem nefndin telur þörf á.

F. h. Orkubús Vestfjarða



Jónas A. Aðalsteinsson, hrl.

Hjálagt.

Umboð, dags. 17. febrúar 2021.

Sköl nr. 1 til 18.